



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. júní 2006 – 169. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Hætt að kenna Hjónin Sesselja Hulda Guðjónsdóttir og Björgvín Svavarsson hafa lokið starfsævinni eftir að hafa verið kennarar í um fjórutíu ár.

TÍMAMÓT 20

Sýningu frestað vegna kríuvarps

Ragnar Kjartansson og félagar þurftu að fresta sýningu í Gróttu vegna ágangs kriunnar.

FÓLK 34

Bubbi kóngur

„Bubbi á okkur, við eigum Bubba,“ skrifar Hallgrímur Helgason í lofræðu sinni um Bubba Morthens, þjóðskáld og rokkara. „Hann er okkar Bellmann, okkar Anderson, okkar Springsteen. En þó fyrst og fremst okkar.“

UMRÆÐAN 18

Leggur skóna á hilluna

Knattspyrnukappinn Andri Fannar Ottósson, leikmaður Fram, er búinn að leggja skóna á hilluna aðeins 24 ára gamall. Hann segist hafa misst áhugann á fótbolta og ætlar að nota kraftana í annað í framtíðinni.

ÍÞRÓTTIR 28

VEÐRIÐ Í DAG

VÍÐA ÚRKOMUVOTTUR - í dag verður hæg suðlæg átt. Rigning suðaustan til, annars fremur skýjað og hætt við lítilsháttar vætu hér og hvar. Hiti 10-17 stig hlýjast til landsins norðan og austan til.

VEÐUR 4

Segir ráðherra bera ábyrgð á bréfinu

Sigurður Líndal lagaprófessor segir dómsmálaráðherra blanda sér í rannsókn Baugsmálsins með sendingu bréfs þann 17. mars. Í bréfinu segir að vaxandi líkur séu á sekt æðstu stjórnenda Baugs. Einungis formleg beiðni, segir ráðherra.

DÓMSMÁL Sigurður Líndal lagaprófessor segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra bera ábyrgð á efnisatriðum bréfsins sem sent var úr dómsmálaráðuneytinu til bandarískra dómsmálayfirvalda hinn 17. mars á þessu ári.

Hann segir ráðuneytið hafa blandað sér í rannsókn sakamáls með óviðeigandi hætti, þar sem í bréfinu sé tekin afstaða sem ekki sé heppileg fyrir ráðuneytið. „Mér finnst það óheppilegt að dómsmálaráðuneytið skuli senda frá sér bréf til bandarískra dómsmálayfirvalda, þar sem meðal annars segir, að vaxandi líkur séu á því að æðstu menn Baugs hafi gerst brotlegir eftir því sem rannsókn sakamáls hafi verið framhaldið,“ segir Sigurður og

vitnar til setningar þess efnis í bréfinu. Sigurður segir að heppilegra hefði verið að aðskilja með skýrum hætti aðkomu ráðuneytisins annars vegar, og ríkislögreglustjóra hins vegar.

„Ég hefði talið heppilegra, formsins vegna, að dómsmálaráðuneytið sendi frá sér stutt bréf þar sem óskað væri eftir fyrirgreiðslu eins og bréf ríkislögreglustjóra, sem hefði getað farið með sem fylgiskjal, gerði ráð fyrir. Í stað þess að senda fram óskir um rannsókn málsins í bréfi sem sent er frá dómsmálaráðuneytinu. Með því verður ekki annað ráðið en að dómsmálaráðuneytið, og þar með ráðherra, blandi sér með óviðeigandi hætti í rannsókn sakamáls.“

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir ráðuneytið einungis hafa verið að sinna lögformlegum skyldum sínum með sendingu bréfsins. „Uppsetning bréfa eða vísan í fylgiskjöl er vissulega verðugt viðfangsefni. Hvort þetta hafi verið heppileg eða óheppileg formaðferð við að framsenda erindi af þessu tagi er matsatriði. Hvað varðar þá kröfu að réttarbeiðni komi frá dómsmálaráðuneyti til dómsmálaráðuneytis þá er þetta áratugalöng venja í málum af þessu tagi og er hún bundin í alþjóðasamningum og má nefna sem dæmi fimmtánda grein Evrópuráðssamningsins um gagnkvæma réttaradstoð í sakamálum.“



ÞORGERÐUR KATRÍN OG GUNNAR OLSEN Ráðherra ræddi við framkvæmdastjóra IGS í Leifsstöð.

Launadeilur viðkvæmt mál

KJARAMÁL Verkstjórar IGS sem séru um þjónustustörf á Leifsstöð gengu í störf starfsmanna í gærmorgun. Því varð lítil töf hjá farþegum þó að aðrir starfsmenn hafi lagt niður störf. Meðal þeirra sem voru á útleið var Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. „Ég hef ekki enn sem komið er orðið fyrir neinum óþægindum vegna mótmæla,“ sagði hún um aðgerðirnar en vildi lítið tjá sig um deiluna. „Þegar menn lenda í svona launadeilum er það oft ergilegt fyrir þá sem nota þjónustuna en þetta tilheyrir opnu samfélagi.“ Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, vonast til þess að sættir náist í málinu sem fyrst.

- spj / sjá síðu 6



VIÐ VEIÐAR Í ELLIÐAVATNI Alexander Helgason undi sér vel við veiðar í gær og krækti í eina tveggja punda bleikju. Talsvert var af fólki við Elliðavatn í gær en ekki virðist stefna í kjöraðstæður til útiveru í dag, því veiðrið mun ekki haldast jafn gott og það hefur verið undanfarna daga.

Pylsusali bætir óheppnum pylsukaupendum upp óleyfilega verðhækkun:

Endurgreiðir óvænt pylsuokur

VERSLUN Það hefur sjálfsgagt komið mörgum í opna skjöldu, sem keyptu sér pylsu og kók á Bæjarins bestu aðfaranótt sunnudags, þegar þeir fengu að vita að sérstök næturálagning hefði verið sett á veitingarnar. Pylsa sem kostar venjulega 220 kr. kostaði skynndilega 300 kr. en kók 200 kr. í stað 140 kr. Mismunurinn samsvarar ríflega 36 prósentu hækkun.

Að sögn Guðrúnar Kristmundsdóttur, eiganda pylsuvagnsins, bar starfsmaður á vakt ábyrgð á þessari hækkun, sem var framkvæmd

án hennar vitundar og gegn stefnu fyrirtækisins.

„Þetta er fyrrverandi starfsmaður, sem ég fékk til að taka eina vakt, þar sem aðrir voru uppteknir vegna útskrifta,“ segir hún. „Hann þekkir til fyrirtækisins þannig að ég átti síður en svo von á þessu. Svo fékk ég kurteisilegan tölvupóst í gærmorgun frá dreng sem vildi vita af hverju þessi hækkun hefði átt sér stað. Mér krossbrá auðvitað við þessar fregnir og get ekki sagt hvað starfsmanninum gekk til,“ segir

Guðrún sem liggur mikið niðri fyrir.

Guðrún, sem tók við rekstri Bæjarins bestu af föður sínum, harmar að þessi leiðindi skuli hafa átt sér stað. Hún vill af þeim sökum bæta þeim, sem lentu í því óhappi að kaupa pylsur og kók á uppsprengdu verði aðfaranótt sunnudags, með ókeypiss pylsu og kóki miðvikudaginn 28. júní. „Ég treysti á að fólk sé svo heiðarlegt, að aðeins þeir óheppnu muni þiggja þessa sárabót,“ segir hún vongóð í lokin.

Drögum ó morgun

Átt þú miða?

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

Komnir í loftið

ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-

591 3000



SPURNING DAGSINS

Jóhanna, hvað á að binda næst?

„Við bindum vonir við að alþjóðasáttmáli um vopnasölu verði samþykktur á ráðstefnu Sp.“

Jóhanna K. Eyjólfssdóttir er framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International en þau bundu vopnin á stytta Leifs Eiríkssonar við Skólavörðuholt á laugardaginn.

Rannsókn á banaslysum í umferðinni á Íslandi sýnir athyglisverðar niðurstöður:

Árekstrarvarnir bjarga litlu

UMFERÐARMÁL Sævar Helgi Láruson, verkfræðingur hjá Umferðarstofu, segir árekstrarvarnir í bílum ekki virka sem skyldi í umferðaróhöppum.

Í meistaraverkefni sínu í verkfræði rannsakaði Sævar Helgi banaslys sem orðið hafa í umferðinni á Íslandi síðustu fjögur ár, með tilliti til þess hvernig árekstrarvarnir í burðarvirki bifreiðanna kæmu út. Sævar Helgi segir margt athyglisvert hafa komið í ljós við rannsóknirnar. „Þegar verið er að hanna bíl með tilliti til öryggis, þá er stuðst við hin ýmsu próf. Í þeim er verið að endurkeyra raun-

veruleikann undir kringumstæðum sem erfitt er að skapa. En bílslysin eru svo flókin og margbreytileg, að aðeins verður um fjarlægjar nálganir að ræða í þeim prófunum sem bílarnir gangast undir. Niðurstöður mínar voru þær að árekstrarvarnir bifreiða í banaslysunum voru alls ekki að virka sem skyldi,“ segir Sævar Helgi.

Litlar sem engar rannsóknir höfðu farið fram á því hvernig árekstrarvarnir í bifreiðum við íslenskar aðstæður hafa virkað en rannsókn Sævars Helga er sú víðamesta sem gerð hefur verið á þessu sviði hér á landi. - mh



VETTvangur bílslyss Árekstrarvarnir í bílum hafa því oft lítið að segja í umferðarslysum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sinubruni við Borgarnes:

Fólk ekki í hættu í bruna

SINUBRUNI Á milli tíu og tuttugu slökkviliðsmenn börðust við sinueld sem kviknaði skammt frá Borgarnesi um þrjú leytið í gær.

Eldurinn kom upp í Fosstúni en lögregla og slökkvilið kom á staðinn um tíu mínútur eftir að tilkynning barst um eldinn.

Slökkviliðið beitti þar til gerðum klöppum til þess að hemja eldinn, en um 7500 fermetra svæði brann á rúmum klukkutíma. Eldsupptök hafa ekki enn verið könnuð en grunur leikur á því að kviknað hafi í út frá rafmagnslínu. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Borgarnesi var fólk aldrei í hættu vegna brunans. - mh



SLÖKKVILIÐSMENN Urðu fyrir trufun.

Eldur í miðbæ Reykjavíkur:

Sjálfskipaðir sérfræðingar

BRUNI Eldsvoði kom upp í veitingahúsinu Purple Onion við Hafnarstræti í miðbæ Reykjavíkur í nótt. Náðist að slökkva eldinn í tæka tíð og voru skemmdir af völdum hans óverulegar. Eldsupptök eru ókunn og er málið í rannsókn.

Lögregla hafði á orði að mikið hafi verið af ráðleggingum sjálfskipaðra sérfræðinga um hvernig betur mætti standa að slökkvistarfinu, enda margir að skemmta sér í miðbænum og eldsvoði spennandi fyrirbæri. Þó hafi slökkvistarfið ekki tafist teljanlega vegna of margra slökkviliðsstjóra. - sfs

Landtaka á Árskógssandi:

Segir lífríki geta raskast

LANDTAKA Ábúendur á bænum Brimnesi á Árskógssandi í Eyjafirði segja landtöku, sem tekin var í landi þeirra við ströndina á Árskógssandi í gær, ekki hafa verið með þeirra leyfi. Þar var unnið að því af bátum að ná í mól sem síðan var flutt til Hríseyjar.

Kjartan og Arnar Gústafssynir, landeigendur á Brimnesi, sögðu landtökuna líklega til þess að valda röskun á lífríki. „Það hefur verið að unnið að því að taka mól við ósinn við Þorvaldsán en í henni er mikill fiskur. Þessari landtöku getur valdið röskun, og af því höfum við áhyggjur,“ sagði Kjartan en hann sagði bæjartækniþræðing á Dalvík, hafa gefið leyfi fyrir landtökunni. - mh

EFTA ríki vilja samvinnu við Asíulönd

Fulltrúar EFTA ríkja vilja auka samvinnu við ríki Asíu. Ráðherrafundur EFTA, sem fer fram á Höfn í Hornafirði, fundaði með fulltrúum japanskra stórfyrirtækja í gær. Mikilvægt að nýta tækifærin í Asíu, segir Valgerður Sverrisdóttir.

UTANRÍKISMÁL Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra segir fund EFTA með japönsku samtökunum Nippon Keidannren, sem eru stærstu samtök atvinnurekenda í Japan, hafa verið gagnlegan en áhugi er fyrir því hjá japönskum atvinnurekendum að koma á fríverslunarsamningi milli EFTA ríkja og Japan.



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Auk Valgerðar sátu Odd Eriksen, viðskipta- og iðnaðarráðherra Noregs, og William Rossier, framkvæmdastjóri EFTA, fundinn, auk fulltrúa Liechtenstein og Sviss. „Fundurinn gekk vel fyrir sig og það er áhugi hjá EFTA ríkjunum að koma á fríverslunarsamningi milli Japan og EFTA ríkja. Enda mikil tækifæri sem eru í Asíu.“

Fulltrúar Sviss eru þegar byrjaðir að koma á tvíhliða samstarfi við japönsk fyrirtæki en innan EFTA er áhugi fyrir því að nýta tækifæri sem skapast hafa á Asíumörkuðum á undanförunum árum.

Fulltrúar stórra japanskra fyrirtækja voru á fundinum en Hisomasa Yonekura, stjórnarformaður Sumitomo Chemical, fór fyrir nefndinni. Í henni voru einnig fulltrúar frá Toyota, Japan Airlines, Toshiba og Mitsubishi auk fleiri japanskra fyrirtækja.

Ráðherrafundurinn fer fram á Höfn í Hornafirði en tugir gesta eru komnir til landsins í tengslum við fundinn. Á fundinum verða sam-



FRÁ HÖFN Fulltrúa EFTA ríkja funda nú á Höfn í Hornafirði í tengslum við ráðherrafund EFTA. Þar var meðal annars rætt við fulltrúa japanskra stórfyrirtækja sem hingað voru komnir til þess að ræða um fríverslunarsamning milli Japans og EFTA. Að sögn Valgerðar Sverrisdóttur voru fulltrúarnir hrifnir af náttúruferðunni á Höfn, en þar var blískaparveður í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐIÓN

skipti EFTA ríkja til umræðu auk fríverslunarsamninga við þriðju ríki. Þá verður hugsanleg aðild EFTA að ESB rædd sérstaklega, auk þess sem áhugi Færeyja á því að tilheyra hópi EFTA ríkja verður til umræðu.

Ráðherrar EFTA ríkja eiga fund með þingmanna- og ráðgjafarnefndum EFTA, en Valgerður segir mikinn áhuga vera meðal EFTA ríkja á því að koma á samningum sem eft geta starf einstakra

ríkja. „Það er mikilvægt fyrir EFTA að halda viðræðum um samvinnu við ríki í Asíu áfram því það eru mikil tækifæri á mörgum sviðum í Asíu, sem við viljum halda áfram að fylgjast með.“

Íslensk stjórnvöld hafa þegar hafði viðræður við stjórnvöld í Kína eftir fjölmenna heimsókn fulltrúa íslenskra stjórnvalda til Kína í fyrra.

Fundinum á Höfn lýkur í dag. magnush@frettabladid.is



GUANTANAMO Beðið er úrskurðar með eftirvæntingu.

Dómur í hæstarétti:

Gæti þýtt lokun Guantanamo

BANDARÍKIN, AP Dómur sem mun falla í hæstarétti Bandaríkjanna í dag eða á næstu dögum gæti markað breytingar eða jafnvel lokun á Guantanamo fangelsinu umdeilda á Kúbu. Hæstiréttur skoðar nú mál fyrrverandi öikumans Osama bin Laden og hvort George Bush Bandaríkjaforseti hafi haft rétt til að draga fanga frá Guantanamo fyrir herra. Þetta verður fyrsti úrskurður í stríðsglæpamáli í Bandaríkjunum síðan í seinni heimsstyrjöldinni.

Amnesty International segir að Bush þurfi engan dómsúrskurð til að loka fangelsinu, sem heldur nú 450 manns, en forsetinn hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir mannréttindabrot og ólöglegar handtökur. - sgi

Undarlegt atkvik í Stokkhólmi:

Grátandi með sprengjubelti

SVIPIÓB, AP Sænsk sprengjusveit fjarlægði það sem leit út fyrir að vera sprengjubelti af norskum manni í Stokkhólmi í gær. Maðurinn sagði að honum hefði verið rænt og hann neyddur til að vera með fjarstýrt sprengjubelti. Hann sat svo og grét þar til tókst að fjarlægja beltíð. Rýma þurfti 400 metra rásir kringum manninn og fóru 100 manns frá heimilum sínum vegna málsins. Maðurinn var fluttur á sjúkrahús og situr fyrir svörum lögreglu. Ekki er vitað hvort beltíð var ekta. - sgi

Helgi Pétursson ósammála Ingólfi Margeirssyni:

Fjölmiðlar bjuggu ekki til goðsögn um stjórnarslit í beinni

RANNSÓKN Helgi Pétursson, upplýsingafulltrúi og fyrrverandi fjölmiðlamaður með meiru, er ekki sammála þeirri ályktun Ingólfs Margeirssonar, rithöfundar og sagnfræðings, að fjölmiðlamenn hafi vísvitandi búið til þá goðsögn að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hafi sprungið í beinni útsendingu í sjónvarpsal. Helgi Pétursson var þáttastjórnandi í umræddum þætti. Í lokaritgerð sinni í sagnfræði við Háskóla Íslands heldur Ingólfur Margeirsson því meðal annars fram að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hafi ekki sprungið í beinni sjónvarpsútsendingu árið 1989, heldur hafi stjórnarsamstarf Sjálfstæðis, Framsóknar- og Alþýðuflokksins þegar verið liðið undir



INGÓLFUR MARGEIRSSON

HELGI PÉTURSSON

lok. Ingólfur segir fjölmiðla helst standa fyrir þessum útbreidda miskilningi.

Helgi svaraði spurningum Ingólfs við gerð ritgerðarinnar, þar sem hann var einn þátttakandi í atburðarásinni árið 1989. Helgi stýrði umræðunum með Ólafi E. Friðriksyni í fréttaskýringaþættinum 19:19,

þegar flokksleiðtogarnir tilkynntu ákvörðun sína um stjórnarslit. Helgi samsinnir því að ríkisstjórnin hafi verið búin að syngja sitt síðasta fyrir útsendingu en telur það fyrst hafa verið kunnigjört með formlegum hætti í sjónvarpi.

„Ég get hins vegar ekki fallist eindregið á þá skoðun, að fjölmiðlar hafi vísvitandi skapað þessa goðsögu,“ segir Helgi. „Einhverjir kunna að hafa vísað til stjórnarinnar með þeim hætti, en ég trúi því ekki að það hafi verið fjölmiðlamenn frekar heldur en aðrir. Það er frekar að almenningi hafi fundist stjórnin gefa up öndina við þessa tilkynningu,“ bætir hann við og segir engum einum um að kenna. - re

BÍLL DAGSINS

RENAULT LAGUNA

Nýskr10.00 - Beinskriptur - Ekinn 150 þús km. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00. Sími: 525 8020.

Ísland er landið

– njóttu þess á 4x4 Mitsubishi

Útivistartilboð – Fjór hjóladrifsbílnir frá Mitsubishi eru löngu orðnir að uppáhaldsferðafélögum lífsglaðra Íslendinga. Í tilefni af því fylgir **200.000 kr.** úttekt hjá Ellingsen hverjum Outlander og Pajero Sport. Fylltu skottið af skemmtilegu dóti frá Ellingsen og njóttu sumarsins á nýjum öflugum 4X4 jeppa.



Pajero Sport 4X4 Alvörueppi á verði sem á sér ekki hliðstæðu meðal sambærilegra bíla. Hann er búinn öllum þeim eiginleikum sem hafa skipað Mitsubishi í fremstu röð jeppaframleiðenda.

Verð 3.590.000 kr.

200.000 kr. úttekt

Með hverjum Outlander og Pajero Sport hjá Ellingsen.

Gildir til 4. ágúst 2006 eða á meðan birgdir endast.



Outlander 4X4 Flottur sportjeppi sem sameinar þægindi fólkabíls og eiginleika jeppans. Mitsubishi Outlander er bíll fyrir kröfuharða ökumenn og óblíða náttúru.

Verð 2.590.000 kr.



Mitsubishi Pajero 4X4 Sigursælasti bíll frá upphafi í Paris-Dakar rallinu. Pajero er tilbúinn í allt sem þú leggur á hann – og það er öruggt að það fer vel um þig á meðan.

Verð 4.990.000 kr.



Nýr! L-200 4X4 Stórglæsilegur pallbíll sem er tilbúinn í hvaða átök sem er, í vinnu og frístundum.

Verð 2.960.000 kr.

GENGIÐ

GENGI GJALDMIDLA 23.6.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	75,57	75,93
Sterlingspund	137,74	138,40
Evra	94,76	95,30
Dönsk króna	12,709	12,783
Norsk króna	11,952	112,022
Sænsk króna	10,271	10,331
Japanskt jen	0,6495	0,6533

SDR 110,96 111,62

Gengivísitala krónunnar

131,529

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jónsmessunæturgangin fór fram aðfaranótt laugardags:

Fjölmenni á Fimmvörðuhálsi

ÚTIVERA Það voru um þrjú hundruð manns sem lögðu í árlega Jónsmessunætur göngu ferðafélagsins Útivistar aðfaranótt laugardags, en þar ganga ferðalangar um tuttugu kílómetra leið yfir Fimmvörðuháls og enda í Þórsörk. Hefja menn gönguna um kvöldið og ljúka henni um morguninn, en stoppað er stutt á leiðinni og sofið í nokkra tíma. Að sögn Arna Jóhannssonar, formanns Útivistar, var gangan gríðarlega vel heppnuð í ár enda veðurguðirnir með göngumönnum í liði og dásamlegar aðstæður til útiveru.

„Þetta er í þrettánda skiptið

sem við förum í þessa göngu og það eru margir að taka þátt ár eftir ár, þetta er afskaplega rómantísk og skemmtileg ferð. Þetta er meðalferfið ganga á Esjuna á einum og hálfum tíma eiga fullt erindi í þessa göngu.“

Að kvöldi laugardags var slegið upp í heljarinnar grillveislu í Þórsörk og voru um þúsund manns að skemmta sér á svæðinu þegar mest var. Hljómsveit spilaði fyrir dansi og var sungið í kringum stóran varðeld. Skemmtunin fór vel fram í alla staði, enda rólegt yfir fólki eftir erfiða göngu nóttina áður.

- sps



GENGIÐ YFIR FIMMVÖRÐUHÁLSINN Ferðalangar fengu veðurguðina í liði með sér þegar Jónsmessunæturgangin fór fram um helgina. Kvöldið eftir gönguna var slegið upp í gríðarstóra grillveislu þar sem um þúsund manns skemmtu sér fram eftir nóttu.

Álver á Húsavík:

Alcoa ræður starfsmann

ÁLVER Alcoa hefur ráðið Kristján Þ. Halldórsson til starfa á Húsavík en þar eru hafnar rannsóknir á jarðhita vegna fyrirhugaðra álversframkvæmda.

Að sögn Ernu Indriðadóttur, upplýsingafulltrúa Alcoa, felst starf Kristjáns í því að kynna starfsemi Alcoa og veita upplýsingar um það sem fyrirtækið er að gera á svæðinu.

Spurð um það hvort þessi ráðning auki líkurnar á að álver rísi segir Erna að þetta skipti engu máli varðandi það þar sem engin ákvörðun hefur verið tekin enn um byggingu álvers.

- gþg

Bílslys á Skagaströnd:

Missti stjórn og keyrði á hús

BÍLSLYS Árekstur varð á Skagaströnd í fyrrinótt, en þar missti ökumaður stjórn á bíl sínum og endaði með því að keyra á horn nálægs íbúðarhúss. Bíllinn gjöröyðilagðist við áreksturinn og voru ökumaður og farþegi fluttir á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri til aðhlyningar.

Meiðsli þeirra voru ekki talin alvarlegs eðlis, en ökumaður er grunaður um að hafa verið undir áhrifum áfengis. Skemmdir á húsinu eru taldar óverulegar.

- sps



NOURI AL-MALIKI Forsætisráðherra Íraks, sem situr hér fyrir miðri mynd, hefur einungis verið við stjórnvölinn í einn mánuð, en hefur staðið fyrir stórhuga aðgerðum til að sætta stríðandi hópa.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sakaruppgjöf í nánd

Forsætisráðherra Íraks, Nouri al-Maliki, hefur lagt fram nýja áætlun þar sem hann réttir fram sáttahönd til uppreisnarmanna. Saddam Hussein, fyrrverandi forseti landsins, segir yfirvöld í Írak vera bjargarlaus.

ÍRAK, AP Forsætisráðherra Íraks, Nouri al-Maliki, rétti í gær fram sáttahönd til uppreisnarmanna þegar hann kynnti 24 liða áætlun sína til að sætta stríðandi hópa í landinu. Áætlunin felur í sér sakaruppgjöf fyrir uppreisnarmenn og stjórnarandstæðinga, sem ekki hafa staðið fyrir hryðjuverkum. Al-Maliki sagði einnig að setja ætti niður áætlun um hvenær íraski herinn og lögreglan muni taka við öryggismálum landsins. Hann nefndi þó enga dagsetningu fyrir brottför bandaríska hersins.

„Upphaf þessarar sáttatilraunar þjóðarinnar á ekki að túlka sem verðlaun fyrir morðingja og glæpamenn eða sátt við þeirra gjörðir,“ sagði forsætisráðherrann. „Nei og þúsund sinnum nei. Það verður ekkert samkomulag

gert við þá fyrr en þeir verða dregnir fyrir dóm.“ Ekki er vitað hvort forsætisráðherrann átti þarna einungis við þá uppreisnarmenn sem hafa drepið Íraka, eða hvort þeir sem ráðist hafa gegn bandarískum hermönnum verði einnig undanskildir sakaruppgjöf.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að þeir sem hafa verið fangelsaðir í lengri tíma fái bætur fyrir og í henni má einnig finna verklagsreglur fyrir hernaðaraðgerðir. Al-Maliki hvatti einnig til samstöðu milli ólíkra hópa innan landsins og sagði að allir, nema al-Kaída, gætu tekið þátt í uppbyggingunni.

Ekkert lát virðist á ofbeldi í landinu en átta fórust í sprengingu á markaði í Bagdad í gær og 22 særðust. 16 verkamönnum var rænt í norðurhluta borgarinnar,

en í síðustu viku var 80 manns rænt á sama svæði. 50 þeirra hefur nú verið sleppt úr haldi.

Saddam Hussein segir að fyrr eða síðar muni Bandaríkjastjórn sækjast eftir aðstoð hans til að hrinda á bak aftur uppreisninni svo að bandaríski heraflinn geti farið úr landi, samkvæmt því sem ráðgjafi hans sagði í gær. Hann mundi ekki endilega krefjast þess að fá forsetastólinn á ný í laun fyrir aðstoðina.

„Þessar leikbrúður í írösku ríkisstjórninni sem Bandaríkjamenn komu til valda eru bjargarlausar,“ sagði Saddam, sem telur sig enn vera réttmætan forseta Íraks.

Yfir höfði Saddams vofir dauðarefsing, en hann segir hann þegar hafa verið ákveðin hjá Bandaríkjastjórn.

steindor@frettabladid.is

FORSVARSMENN SPES TAKA VIÐ GJÖFINNI Uppbygging barnaþorpsins í Tógó gengur mjög vel að sögn formanns samtakanna.

Spes-samtökin:

Fá tíu þúsund dollara að gjöf

GJÖF Forsvarsmenn Spes, samtaka sem byggja barnaþorp í Tógó, tóku á dögnum við tíu þúsund dollara gjöf frá félagi kvenna við fastanefndir Sameinuðu Þjóðanna í New York. Kvenfélagið velur árlega verkefni til að styrkja og í ár voru það Spes sem hlutu styrkinn. „Við hlökkum til að fylgjast með verkefninu í framtíðinni,“ sagði Anna Birgis, gjaldkeri kvenfélagsins, við afhendinguna.

Að sögn Njarðar P. Njarðvík, formanns Spes, miðar byggingu barnaþorpsins vel og var nýlega ákveðið að kosta lagningu rafmagns í hverfisskólann sem börnin í þorpinu sækja.

- sps

afrit.is


- ✓ Afritun á hvers konar gögnum
- ✓ Einfalt viðmót og uppsetning
- ✓ Hagkvæm þjónusta fyrir alla
- ✓ Ókeypis aðgangur í 30 daga
- ✓ Sjálfsafgreiðsla á Netinu
- ✓ Vottuð fyrsta flokks þjónusta
- ✓ Vöktun allan sólarhringinn
- ✓ Þúsundir ánægðra viðskiptavina
- ✓ Örugg dulkóðun og samskipti

afrit skýrr

afrit.is

VEÐURSPÁ

um hádegi »




um hádegi »


Kaupmannahöfn	21°C	hálfskýjað	London	15°C	rigning
Billund	22°C	hálfskýjað	Paris	18°C	skúrir
Hæg suðlæg átt. Hætt við lítillsháttar vætu af og til. Hiti 8-11 stig.	20°C	heiðskírt	Frankfurt	29°C	skúrir
	19°C	hálfskýjað	Friedrichshafen	28°C	skúrir
	19°C	hálfskýjað	Berlín	30°C	heiðskírt

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun



» miðvikudagur



Hæg austlæg átt. Úrkomulítið.

Alicante	28°C	heiðskírt
Mallorca	23°C	heiðskírt
Algarve	26°C	hálfskýjað
Krít	24°C	heiðskírt
Las Palmas	23°C	heiðskírt

www.sko.is

Það er miklu betra að
bæta bara við inneignina
eftir þörfum á Netinu.

Smelltu þér á www.sko.is

Þú getur flutt GSM símanúmerið þitt frá Og Vodafone
og Símanum yfir til SKO.



SKO
Tala meira. Borga minna.

14,90 kr.
Mínútuverð

4,90 kr.
SMS verð

0,00 kr.
Mánaðargjald





KJÖRKASSINN

Notar þú stefnumótasíður á vefnum?

Já	24%
Nei	76%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefur þú hugsað þér að skipta um raforkusala?

Seðgu þína skoðun á Vísi.is

VÍSIR

Palestínskir vígamenn grófu göng inn í suðurhluta Ísrael og gerðu árás:

Drápu tvo og rændu einum

ÍSRAEL, AP Palestínskir uppreisnarmenn frá Gazasvæðinu réðust í gær á ísraelska herstöð og drápu tvo Ísraela eftir að hafa grafið göng inn í suðurhluta landsins. Árásarmennirnir höfðu á brott með sér hermenn úr skriðdreka sem ráðist hafði verið á.

Þetta er í fyrsta skiptið sem slík árás er gerð síðan Ísraelar drógu sig frá Gazasvæðinu í ágúst í fyrra. Hamas-samtökunum hefur verið kennt um árásina, en þrjár árásarmannanna féllu í átökunum. Mannrán af þessu tagi hefur ekki átt sér stað seinustu tólf árin, en talsmenn Hamas segja þó árásina hafa verið hefnd

fyrir þær konur og börn sem Ísraelsmenn hafa drepið og morðin á tveimur leiðtogum uppreisnarmanna.

Varð hafði verið við árásinni nokkrum dögum áður og voru landamæri Gaza og Egyptalands lokað meirihluta seinustu viku vegna þess.

Forsætisráðherra Ísraels, Ehud Olmert, gagnrýndi forseta Palestínu, Mahmoud Abbas, harðlega í kjölfar árásarinnar. „Við í Ísrael teljum palestínsk yfirvöld, með Mahmoud Abbas og ríkisstjórnina í fararbroddi, ábyrg fyrir þessari árás,“ sagði forsætisráðherra Olmert í gær.

-sps/sgj



MAHMOUD ABBAS Forseti Palestínu sést hér lengst til hægri, en hann hefur hlotið gagnrýni vegna árásarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umrót í Austur-Tímor:

Ramos-Horta segir af sér

AUSTUR-TÍMOR, AP Stjórnarflokkur Austur-Tímor neitaði í gær að reka forsætisráðherra Mari Alkatiri, en háværar kröfur hafa heyrst þess efnis undanfarið. Í kjölfarið sagði Jose Ramos-Horta utanríkisráðherra af sér, en hann fékk friðarverðlaun Nóbels árið 1996 fyrir friðsamleg mótæli gegn yfirráðum Indónesíu yfir landinu.

Forseti landsins, Xanana Gusmao, nýtur mikils fylgis, en hann krafðist þess í síðustu viku að forsætisráðherra segði af sér. Í kjölfarið hafa þúsundir flykkst út á göturnar til að krefjast afsagnarinnar.

-sgj

Veirusýking í Fossvogi:

Í rénun en enn er fólk veikt

HEILBRIGÐISMÁL Sýkingin sem kom upp á lyflækningadeild Landsspítalans í Fossvogi, er í rénun og verður að öllum líkindum gengin niður innan fárra daga.

Rannsóknir á sýkingunni hafa leitt í ljós að um svokallaða Noro veiru er að ræða.

Að minnsta kosti tólf einstaklingar sýktust af veirunni á spítalanum og um tíma var talið að nokkrir starfsmenn hefðu smitast einnig.

Fólkið veiktist ekki alvarlega en fékk þó einkenni flensu, það er hita, kviðverki og uppköst.

Einangrun þeirra sjúklinga sem veiktust verður líklega ekki aflétt fyrir en tveimur dögum eftir að fullvíst er að enginn hafi smitast dagana á undan.

-mh

HOLLAND

Skemmdí málverk Maður úðaði efni á frægt og verðmætt málverk eftir Van der Helst á safni í Amsterdam í gær. Málverkið er ekki ónýtt, en starfsmenn safnsins segjast enga hugmynd hafa um af hverju maðurinn gerði þetta.

BRETLAND

Ríkar þjóðir hjálpi Afríku Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, tilkynnti í gær að alþjóðlegur hópur muni sjá til þess að ríkar þjóðir standi við skuldbindingar sínar gagnvart Afríkukjúm. Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, mun stýra hópnum, en hópurinn er fjármagnaður af Bill Gates, stjórnarformanni Microsoft.



ULLA PEDERSEN Sést hér ásamt fjölskyldu sinni.

Farþegi í Leifsstöð:

Fann ekki fyrir neinum töfum

KJARAMÁL Meðal þeirra sem stóðu í biðröð eftir innritun í Leifsstöð var Ulla Pedersen og fjölskylda hennar, en hún var að fylgja dætrum sínum upp í vél til Kaupmannahafnar. „Við höfum nú ekki fundið fyrir neinum sérstökum töfum, þetta hefur allt gengið nokkuð vel,“ sagði hún um mótmælin og áhrif þeirra á hana. Þá sagðist hún vera nýkomin en var samt staðsett framarlega í röðinni, sem segir kannski sitt um hvernig innritunin gekk þegar klukkan fór að ganga átta. „Ég er helst hrædd um að senda þær aleinar inn, það er aldrei að vita hvaða tafir gætu orðið þarna fyrir innan.“

-sps



LÖGÐU NIÐUR STÖRF Fjölmargir starfsmenn sátu sem fastast í Leifsstöð í gærmorgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Litlar tafir þrátt fyrir setuverkfall

Starfsmenn í þjónustustörfum í Leifsstöð lögðu niður vinnu milli klukkan fimm og átta í gærmorgun til að mótmæla lágum launum og miklu álagi. Verkstjórar hlupu í skarðið og gekk afgreiðsla farþega tiltölulega vel fyrir sig.

KJARAMÁL Litlar tafir urðu á flugi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í gær vegna vinnustöðvunar starfsfólks IGS, dótturfyrirtækis Icelandair sem sér um þjónustustörf þar, þrátt fyrir að þorri starfsmanna á vakt hafi lagt niður störf milli klukkan fimm og átta um morguninn. Að sögn Gunnars Olsen, framkvæmdastjóra IGS, voru það verkstjórar af öllum vöktum sem komu til bjargar og sinntu störfum þeirra sem hættu að vinna. Innritun og önnur afgreiðsla farþega hafi gengið tiltölulega vel fyrir sig og lítið verið um seinkanir.

„Þetta hefur bara gengið ágætlega,“ sagði Gunnar meðan hann gekk um brottfararsalinn og bauð farþegum upp á vatn. „Ég á ekki von á því að það verði miklar tafir. Við erum með gott starfsfólk sem kom í stað þeirra sem lögðu niður störf og svo hjálpa sjálfvirku innritunarkassarnir til.“



MÓTMÆLI Starfsmenn mótmæltu báguum kjörum með vinnustöðvun.



RÓLEGT Þrátt fyrir raðir voru tafir ekki meiri en vanalega.

Fjölmennt var í salnum þar sem starfsmenn komu saman til að leggja niður vinnu en að sögn þeirra var þátttakan í mótmælunum mjög góð og samheldnin mikil. Fólk hafi jafnvel komið úr sumarfrí til þess eins að sýna samstöðu. Á fundi starfsmanna í fyrradag var samþykkt að endurtaka mótmælin um næstu helgi hafi sættir ekki náðst fyrir þann tíma. Þó sögðust menn bjartsýnir á að deilan leyrist farsælega.

„Þetta eru verkstjórnarnir sem mættu allir í dag, þeir eru náttúrulega langbesta starfsfólkið og innrita miklu hraðar. Nú er krísan og þá verður fólk að hlupa í skarðið,“ sagði Einar Már Jóhannesson, rekstrarstjóri í flugstöðinni. „Það

gerist alltaf öðru hvoru að við fáum morgna þar sem afgreiðslan gengur hægt. Þessi dagur virðist ekkert mjög frábrugðinn öðrum slíkum dögum.“

Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, sagði að fundir vegna deilunnar væru áformaðir og vonaðist hann til þess að sættir næðust í málinu sem fyrst. „Ef þetta heldur áfram helgi eftir helgi erum við í vondum málum en það er ljóst að þessar aðgerðir eru ólöglegar og við vonum að fólk sjái að sér. Við þurfum fyrst og fremst að fá formlegar kröfur frá starfsfólki til þess að hægt sé að semja við það, en slíkar kröfur hafa ekki borist okkur enn,“ sagði hann.

salvar@frettabladid.is



Ganga á Hengilssvæði

Þriðjudagskvöldið 27. júní verður farin göngu- og fræðsluferð á Hengilssvæðinu undir leiðsögn Einars Gunnlaugssonar og Kristins H. Þorsteinssonar.

Mæting við Stöðvarhús Hellisheiðarvirkjunar kl. 19.30. Jarðfræði Hengilssvæðisins er mjög áhugaverð. Leiðsögumenn koma víða við og fjalla jöfnum höndum um orkuna og beislun hennar, orkujarðfræði, gróður og sögu svæðisins.

Frekari upplýsingar á www.or.is



Orkuveita Reykjavíkur

HEILIR

STURTUKLEFAR

með blöndunartæki og stórum NUDDsturtuhaus

SUMAR tilboð!

6mm öryggisgler í bak og fyrir



FERKANTAÐUR:

70x70 sm verð: **69.900** stgr.

75x75 sm verð: **72.900** stgr.

80x80 sm verð: **76.900** stgr.



RÚNAÐUR:

80x80 sm verð: **85.900** stgr.

90x90 sm verð: **89.900** stgr.

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

www.i-t.is

- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 | i-t@i-t.is



VEISTU SVARIÐ?

1 Hver fer með hlutverk Ofurmennisins í kvikmyndinni *Superman Returns*?

2 Hvaða sýning stendur nú í Landsbókasafni Íslands?

3 Hvað nefnist skáldverk Yrsu Sigurdardóttur sem gefið verður út á tuttugu tunumálum?

SVÖR VIÐ SPURNINGUNUM ERU Á BLS. 30

Lögreglan í Reykjavík tekur í notkun eftirlitsbát:

Dýr en hverrar krónu virði

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Reykjavík hefur tekið nýjan lögreglubát í notkun en það er liður í átaki sem miðar að því að efla löggæslu og öryggi á hafnarvæðinu í Reykjavík. Gjörbreytir þessi bátur allri aðstöðu lögreglunnar til sjós þar sem hún á fyrir aðeins einn lítinn bát sem sjósettur er þegar þörf krefur.

Báturinn er slöngubátur af tegundinni Valiant og getur borið um níttján manns, þar af þrjú í áhöfn. Ekki er búið að taka hann formlega í notkun, en stýttist í það þar sem æfingum og prófunum er að ljúka. Stofnkostnaður við verkefnið er að sögn Geirs Jóns Þórissonar,

yfirlögreglustjóra í Reykjavík, hátt í tíu milljónir en hann segir bátinn vera mikinn feng og vel þess virði.

„Siglingastofnun benti á að við ættum að sinna eftirliti á hafnarvæði því það tilheyrir lögreglunni. Til þess að geta sinnt laga-skyldum okkar þurftum við því að fá okkur traustan bát sem gæti sinnt eftirliti í sundunum og á hafnarvæðinu. Hann er fyrst og fremst eftirlitsbátur sem verður notaður til að athuga réttindi, hvort menn séu nokkuð undir áhrifum áfengis við stjórn báta og annað þess háttar sem þarf að skoða.“



EFTIRLIT AUKIÐ Nýr eftirlitsbátur lögreglunnar verður meðal annars notaður til að athuga hvort menn séu undir áhrifum áfengis við stjórn báta.

Vilja hraðatakörk á báta:

Hvalir deyja í ásiglingum

BANDARÍKIN, AP Alríkisstofnun í Bandaríkjunum lagði í gær fram tillögu að reglugerð þess efnis að hraðatakörk verði sett á báta við austurströndina til að þeir sigli ekki harkalega á hvalategund í útrýmingarhættu sem dvelur við ströndina.

Hraðatakörkin verða tíu hnútar, eða 18,5 kílómetra hraði á klukkustund fyrir báta sem eru lengri en 19,5 metrar. „Á þessum hraða er ásigling ólíklegri til að valda dauða,“ sagði talskona stofnunarinnar. Aðeins um þrjú hundruð hvalir af þessari tegund dvelja á norðurhveli þarðar, en þeir hafa verið í útrýmingarhættu síðan árið 1970.

Danadrottning á hækjum:

Í endurhæfingu eftir aðgerð

DANMÖRK, AP Margrét Þórhildur Danadrottning kom á föstudag í fyrsta sinn fram opinberlega eftir að skipt var um hnjólið í vinstra



MARGRÉT ÞÓRHILDUR DANADROTTNING

hné hennar fyrir þremur vikum. Drottningin studdist við hækjur er hún fylgdist með skróðgöngu Konunglega lífvarðarins við Rósenborgarkastala í Kaupmannahöfn.

Drottningin hefur verið í endurhæfingu síðan aðgerðin var gerð á sjúkrahúsi í Árósum, en frá árinu 1992 hefur hún gengist undir ýmsar aðgerðir á hnjó og baki vegna slitgigtar.

Fjallað um átökin í Straumi-Burðarási í Berlingske:

Björgólfur í baráttu

DANMÖRK Átökin í Straumi-Burðarási voru til umfjöllunar í vefút-gáfu danska dagblaðsins Berlingske Tidende á laugardag. Þar er greint frá því að Björgólfur Thor Björgólfsson sé í aðalhlutverki í dramatísku uppgjöri um völd í fjárfestingarbankanum. Þrír af fimm stjórnarmönnum hafi ákveðið að reka forstjórnann sem hafi gegnt stöðunni í aðeins tíu mánuði.

Í fréttinni er haft eftir Friðriki Jóhannessyni, nýjum forstjóra fyrirtækisins, að það hafi verið ágreiningur innan fyrirtækisins en að hann sé ekki rétti maðurinn til þess að tjá sig frekar um það.

Fréttin greinir frá því að valdaelítan á Íslandi samanstandi



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

af aðeins tuttugu fjölskyldum og þeirra á meðal sé fjölskylda Björgólfs Thors ein sú valdamesta. Þá er einnig sagt frá því að fjölskyldan stjórn Actavis og Landsbankanum ásamt Straumi-Burðarási og að sameiginlegt markaðsverðmæti fyrirtækjanna sé 51,3 milljarðar danskra króna.

Að lokum er rakið að fjölskylda Björgólfs hafi keypt Landsbankann árið 2002 eftir umdeilda einkavæðingu. Fjármagnið hafi komið frá Rússlandi þar sem feðgarnir hafi selt bruggverksmiðju sína í Pétursborg til hollenska bjórframleiðandans Heineken fyrir þrjú milljarða danskra króna.



LÍKLEGA SAMI TAXTI ÁFRAM Afnáms hámarkstaxta þýðir að leigubílstjórar ráða sjálfir taxa sínum. Nokkur ótti er innan stéttarinnar um að farþegar í mismunandi ásigkomulagi finni hjá sér þörf til að þrúta um taxtann ef af verður.

Óvissa eftir mánaðamótin

Um mánaðamótin rennur út frestur sem var gerður vegna afnáms hámarkstaxta leigubíla. Bílstjórar eru samt engu nær um hvað tekur við.

GJALDSKRÁ „Ef satt skal segja erum við nákvæmlega engu nær um hvað gerist þann fyrsta júlí nema hvað við vonum að ráðamenn grípi í taumana,“ segir Ásgeir Þorsteinsson, formaður bifreiðastjórafélagsins Fram. Sá tveggja mánaða frestur er leigubílstjórum var veittur þegar Samkeppniseftirlitið ákvað að nema hámarks-taxta þeirra úr gildi og gefa hann frjálsan er úti um mánaðamótin en menn eru engu nær um hvað tekur við þá eða við hverju viðskiptavinir leigubílstjóra mega eiga von á.

Frjáls taxi átti upphaflega að taka gildi fyrsta maí síðastliðinn en þar sem fyrirvarinn var stuttur þótti rétt að veita bílstjórum meiri tíma enda fór stærsta stöðin, Hreyfill, fram á að fá tveggja mánaða frest og leyfi til að samræma taxa sinn eftir að lagning var gefin frjálsan. Fengu þeir þann frest sem rennur út eftir rúma viku og eru menn þar á bæ engu nær um framhaldið fremur en hjá Fram.

Pröstur Hjálmarsson, deildarstjóri hjá Hreyfli, segir að boltin sé hjá Samkeppniseftirlitinu en hann á sjálfur von á að frekari frestur verði gerð áður en mánaðamótin renna í garð. „Það verður samt engin upplausn þó að við heyrum ekki frá þeim fyrir þann tíma. Þá keyrum við á þessari stöð áfram á gildandi taxa þangað til annað kemur í ljós enda væri annað óráð gagnvart okkar viðskiptavinum. Ég vona þó að málin skýrist fyrir mánaðamótin.“

Bæði Ásgeir og Pröstur eru sammála um að mistök hafi verið gerð þegar ákveðið var að gefa taxtann frjálsan, enda sanni dæmin erlendis frá að við slíkar aðstæður hafi taxtar almennt hækkað umtalsvert. Það sé því vart með hag neytenda í brjósti



FORMAÐUR FRAMA Ásgeir Þorsteinsson er alfarið á móti afnámi hámarkstaxta leigubíla og sér ekkert jákvætt við að bílstjórar sjálfir ákveði verð þjónustunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

sem hámarkstaxtinn hafi verið afnuminn en það var ein þeirra ástæðna sem vísað var til við ákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Hefur sú stofnun ákveðið hámarks-taxta leigubifreiða í samræði við Bandalag íslenskra leigubílstjóra um árabíl. Ásgeir segir engan vafa í sínum huga að áfram verði yfirvöld að ákveða taxa ef ekki á illa að fara. „Dæmin erlendis frá sýna og sanna að það hefur gefist illa að setja slíkt frjálsræði á. Það gildir bæði um leigubílstjóra sem lenda í undir- og yfirboðum sín á milli en einnig viðskiptavinanna sem vita aldrei að hverju þeir ganga þegar þeir taka leigubíl. Þetta er slæm hugmynd fyrir alla.“

Hvorki náðist í forstjóra né aðstoðarforstjóra Samkeppniseftirlitsins vegna þessa máls fyrir helgi.

albert@frettabladid.is

Uppfærðu fataskápinn...
og bílinn

Nýr, fallegri og miklu betri Opel.

1.890.000,- Beinskipt - 1.6 l. vél

150.000 kr. FATAÚTTEKT

Mánaðargreiðsla 23.061,-*

ÞESSI ER HLAÐIN AUKABÚNAÐI:

ESP skriðvörn, útvarpsfjarstýring í stýri, samlitur, loftkæling, 7 hátalarar, spilar mp3, hiti í sætum, aksturstölvaog margt, margt fleira.

Góðar fréttir fyrir smekkvísa ökuþóra. Nú fylgir 150.000 króna fataúttekt frá NTC með hverri seldri Opel Astra. 11 glæsilegar fataverslanir sem staðsettar eru á Laugavegi, Kringlunni og í Smáralind. Nú getur þú ekið með tilþrífum inn í sumarið á nýrri Opel Astra og frískað upp á fataskápinn í leiðinni.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is



NCAP eru leiðandi í öryggis- og árekstrarprófum í Evrópu. Opel Astra fékk hæstu mögulegu einkunn.

* Bilasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði. Aukabúnaður á mynd: Álfelgur.



Trend+
Mondeo Trend Plus
 2,0i 5 dyra, 5 girna*
 Bilasamningur 27.490 kr.
 Rekstrarleiga 41.120 kr.
 Verð án söltilboðs 2.350.000 kr.
Söltilboð 2.250.000 kr.
 Söltilboð á sjálfskiptum
 Mondeo Trend Plus:
 TÍ viðbótar aðeins
 140.000 kr.

Mondeo Trend Plus

söltilboð

27490*

Mán.gr. Bilasamningur
 Lýsingar og Brimborgar

Sumarið er komið í Brimborg. Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríð á sérstöku söltilboði Brimborgar. Skoðaðu góðan Bilasamning* Lýsingar og Brimborgar - aðeins 20 prósent út og lágar mánaðargreiðslur. Skoðaðu Mondeo Trend Plus eða Focus C-Max Trend Plus frá Ford. Vertu í hópi þeirra bestu. Komdu í Brimborg.

Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Pú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu söltilboði Brimborgar. Pú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á söltilboði.

Aflaðu þér
 frekari upplýsinga
www.ford.is

Focus C-Max - eins og að vera á fyrsta farrými

Betra aðgengi, mikið rými og góð þjónusta eru atriði sem Focus C-Max eigendur sækjast eftir. Aðstaðan um borð getur vart verið betri. Allir sitja hátt með góða yfirsýn. Auðvelt að sinna yngri börnunum og færa þau í og úr barnabílstólum. Eldri börn sitja hvert fyrir sig í sérstöku sæti en þrjú sérstök aftursæti eru í Focus C-Max. Kerran fær einnig gott rými í skotti. Focus C-Max stenst ströngustu kröfur þýsku TÜV eftirlitsstofnunarinnar við ofnæmisprófanir.



Focus C-Max Trend Plus
söltilboð
29480*
 (mán.gr. bilasamningur)

Trend+
Focus C-Max Trend Plus
 2,0i 5 dyra, sjálfskiptur*
 Bilasamningur 29.480 kr.
 Rekstrarleiga 42.600 kr.
 Verð án söltilboðs 2.590.000 kr.
Söltilboð 2.390.000 kr.

Komdu núna. Söltilboð Brimborgar
 gildir aðeins til 12. júlí n.k.
 eða meðan birgðir endast.

Í bíltúr í Ford GT?

Ofursportbíllinn Ford GT er kominn í sýningarsalinn. Komdu. Skoðaðu einn magnaðasta bíl sem framleiddur hefur verið.



FORD GT

Komdu og taktu þátt í Happapotti Brimborgar og þú átt möguleika á bíltúr í Ford GT þegar liða fer á sumarið.

Nýttu þér sérstakt Trend-plús
 söltilboð Brimborgar:
**Ford Mondeo Trend Plus og
 Ford Focus C-Max Trend Plus.**

Sumarið
 er komið
 í Brimborg



brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is



ÍSIRNIR Í SUMARHITANUM Einn ísbjarnanna í dýragarðinum í Moskvu reynir hér að grafa sig í fönn til að kæla sig niður, en heitt hefur verið í borginni undanfarið. NORDICPHOTOS/AFP

Fulltrúar eldri borgara og öryrkja túlka samkomulag um kjarasamninga:

Stílbrot ef bætur hækka ekki

KJARAMÁL „Í fyrsta skipti í langan tíma er einkum verið að horfa til tekjulægsta hópsins og því er um mjög mikilvægt skref að ræða,“ segir Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalags Íslands, um samkomulag aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar um kjarasamninga. Sigursteinn telur einsýnt að hækkan atvinnuleysisbóta um fimmtán þúsund krónur, sem ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir, muni einnig ganga til elli- og örorkulífeyrisþega. „Annað væri stílbrot.“

Sigursteinn segir þetta með bestu samningum fyrir öryrkja



SIGURSTEINN MÁSSON



ÓLAFUR ÓLAFSSON

sem hann hefur séð í langan tíma. „En auðvitað hefðum við viljað sjá skattleysismörkin hækka meira þar sem þessi hækkan bætir ekki þá rýrnun sem hefur orðið á undanföllum árum.“

Einnig hefðum við viljað sjá persónuafsláttinn hækka meira.“

Ólafur Ólafsson, formaður Landssambandseldri borgara, segir orðalag óljóst í seinustu setningu yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem varðar tilhögun breytinga á fyrirkomulagi bótagreiðslna elli- og örorkulífeyrisþega en þar segir: „nánari útfærsla þessara mála verður ákveðin til samræmis við fyrrgreindar ákvarðanir.“ Ólafur tekur undir orð Sigursteins varðandi stílbrot. Landssambandið hefur boðað formenn aðildarféлага á fund í næstu viku þar sem þessi mál verða rædd og yfirlýsing líklega gefin út í kjölfarið. -sdg

Könnun IMG Gallup:

Endurbætur í stað nýs vegar

SAMGÖNGUR Þrír af hverjum fjórum landsmönnum vilja frekar að peningum sé varið í endurbætur á hringvegnum milli Reykjavíkur og Akureyrar en að nýr vegur sé lagður um Kjöl. Þetta kemur fram í skoðanakönnun IMG Gallup sem einkahlutafélagið Leið lét gera.

Einnig var spurt hvort stytta ætti hringveginn með nýjum vegi sunnan við Blönduós. Svöruðu tveir af hverjum þremur þátttakendum því játandi.

Leið ehf. hefur óskað eftir að fá að leggja veg sunnan við Blönduós sem myndi stytta hringveginn um allt að fimmtán kílómetra. -sps

Kosningabaráttu F-listans:

Kostnaður stóðst áætlanir

KOSNINGAR Margrét Sverrisdóttir segir að kostnaður við kosningabaráttu Frjálslynda flokksins



MARGRÉT SVERRISDÓTTIR

í borginni hafi verið eftir áætlun, en hún hljóðaði upp á tíu til tólf milljónir króna. Hún bendir á að flokkurinn hafi ekkert auglýst í sjónvarpi, að frátöldum skjáauglýsingum

viku fyrir kosningar þar sem ein auglýsing birtist á dag.

Hún nefnir að þrátt fyrir að flokkurinn hafi auglýst oftast í blöðunum þá sé það villandi þar sem flestar auglýsingarnar hafi verið litlar og ódýrar þar sem aðeins birtist merki flokksins. Hún segir flokkinn einnig hafa sparað með því að hafa aðeins eina kosningaskrifstofu.

Endanlegar tölur um kostnað við kosningabaráttuna liggja fyrir í haust að sögn Margrétar. -gpg

SÁDI-ARABÍA

Sleppt úr fangelsi Prettán Sádi-Aröbum var sleppt í gær úr Guantanamo-fangelsinu. Innanríkisráðherra Sádi-Arabíu hvatti í kjölfarið Bandaríkjastjórn til að sleppa þeim Sádi-Aröbum sem enn eru í haldi.

Einelti í framhaldsskólum er falið vandamál

Polendur eineltis í framhaldsskólum eiga erfitt með að viðurkenna að þeir séu lagðir í einelti. Þetta segir Arnheiður G. Guðmundsdóttir. Hún segir slúður og baktal vera farveg eineltis í framhaldsskólum.

SAMSKIPTI Þegar nemandi í framhaldsskólalagnum Arnheiður G. Guðmundsdóttir starfaði hætti vegna eineltis afreð hún að kanna einelti í framhaldsskólum nánar.

Birtingarmyndir og áhrif eineltis á líðan og skólagöngu þolenda varð að viðfangsefni hennar í meistaraþrófsritgerð í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. „Ég tók viðtöl við sex þolendur eineltis í framhaldsskólum allsstaðar af landinu og foreldri eins nemanda sem hafði lent í einelti. Lítið er vitað um birtingarmyndir eineltis á framhaldsskólastigi en þær breytast með aldri og verða duldar og erfiðara að koma auga á einelti.“ Arnheiður komst að þeirri niðurstöðu að birtingarmyndir eineltis meðal framhaldsskólanemenda fælust í slúðri, baktali og því að gert væri grín að viðkomandi einstaklingum.

„Polendur eineltisins töluðu nokkrir um mikla höfnun og einangrun sem fælist í eineltinu og að þeir væru skildir útundan.“ Arnheiður segir klíku- og

hópamyndanir áberandi á menntaskólastigi og það geti gert nemendum erfiðara fyrir að komast í kynni við nýja féлага innan skólans.

Arnheiður segir að tæknin sé mikið notuð til eineltis og nefndi sem dæmi sms-skilaboð, blogg, spjallrásir og fleira. „Á blogginu var verið að niðra nemendur og einnig voru dæmi um að myndbönd væru tekin af skólaböllum og síðan sýnd fyrir hóp nemenda þar sem sömu einstaklingar kæmu við sögu og gert grín að þeim. Þeir sem höfðu orðið fyrir baktali og slúðri töluðu einnig um óþægilegar og niðurlægjandi athugasemdir frá gerendum og það jafnvel inni í kennslustund fyrir framan kennarann.“

Arnheiður segir þolendur eineltis eiga erfitt með að viðurkenna stöðu sína og leiti sér því ekki alltaf aðstoðar innan skólans. „Þeir sem höfðu leitað sér aðstoðar fannst það hafa borið lítinn árangur. Þolendur eineltis hugsuðu gjarnan um að skipta um skóla eða hætta í námi og þrír þeirra sem ég talaði við höfðu



ARNHEIÐUR G. GUÐMUNDSDÓTTIR Vill meiri umræðu um einelti í framhaldsskólum sem sé falið vandamál. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

hætt í námi vegna eineltis en hinir höfðu íhugað það. Eins og gefur að skilja er líðan fórnarlamba eineltis mjög slæm og þeir töluðu um kvíða, þunglyndi og jafnvel sjálfsvígstílaunir. Þeir sem lenda í einelti draga sig gjarnan í hlé en það getur orðið víthringur sem erfitt er að komast út úr.“

Arnheiður segir að allir þolendurnir hafi talað um að þeir væru á einhvern hátt öðruvísi. „Þetta virtist þó frekar vera

þeirra tilfinning en ekkert í útliti eða námshæfni eða annarra þátta unglínganna gaf tilefni til eineltis. Þolendur virðast hafa einhvern veikan blett sem gerendur finna og nota í eineltinu.“ Það er von Arnheiðar að þessi athugun verði notuð til að útbúa spurningalista til að skoða einelti og samskipti framhaldsskólanemenda og draga umræðuna í framhaldinu upp á yfirborðið og marka stefnu í þessum málum. hugrun@frettabladid.is

ÞAU ERU KOMIN!

Þegar þú kaupir gjaldeyri fyrir 20 þúsund krónur eða færð þér MasterCard kreditkort færðu stórt og fallett handklæði í kaupbæti.

Farðu í fríð með fjármálin á þurru:

- **KREDITKORT**
 - þægilegasti og öruggasti greiðslumátinn í útlöndum.
- **NETBANKINN**
 - yfirsýn og helstu bankaaðgerðir hvar sem er í heiminum.
- **REGLULEGUR SPARNADUR**
 - leggðu drög að næsta frí.
- **GREIÐSLUÞJÓNUSTA**
 - láttu okkur sjá um að borga reikningana.

Þú færð nánari upplýsingar hjá þjónustufulltrúum í útbúum Glitnis, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á www.glitnir.is.




LÍTUR VEL ÚT
SANTA FE

Hyundai kynnir nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fágaða hönnun og áræðna eiginleika. Láttu þér ekki bregða, heldur njóttu athyglinnar.



NJÓTTU ATHYGLINNAR! NÝR SANTA FE



Höfum opnað útibú á Selfossi að Hrísmýri 2a. Komið við og sjáið glæsilegan sýningasal okkar, heitt á könnunni.
B&L - Selfoss S: 575 1460



Með bílinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460


Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Svona erum við

>Neysla gosdrykkja í lítrum á íbúa



neytendur

hagur heimilanna

MATUR Á MÁNUDEGI: ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR BÆJARSTJÓRI Í HVERAGERÐI

Mexíkóskt lasagne

Uppskrift vikunnar er frá Aldísi Hafsteinsdóttur bæjarstjóra í Hveragerði. „Hér er uppskrift sem unglíngarnir í fjölskyldunni elska. Eftir því sem börnin stækka þarf meira magn og þetta er mjög stór uppskrift sem hentar vel stórum strákum og stelpum sem koma sársvöng af íþróttæfingum. Það er ekki síður gott að uppskriftin er fljótleg sem hentar vel í minni tilveru þessa dagana þar sem nóg er að gera við að taka við nýju starfi.“

Mexíkóskt lasagne:

1 kg nautahakk
1 krukka salsasósa
1 krukka tacosósa
1 krukka guacamole
1 krukka ostasósa
1 bréf tacokrydd
1 pk. Tortillakökur
Nachos snack - osta er best
Rifinn ostur

Steikja hakkið og krydda með tacoblöndunni (úr bréfinu). Bæta salsasósu og tacosósu út á. Setja tortillakökur í botninn á smurðu formi og sirka helminginn af hakkinu, síðan guacamolesósu og aftur kökur, afganginn af hakkinu og alla ostasósuna yfir.

Brjóta Nachos yfir og strá rifnum osti yfir. Baka við 200°C í sirka 45 mín.



SPARNADARRÁÐ VOND SPÓLA ER PENINGAEYÐSLA

■ Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi segir undirbúning og skipulagningu lykil að skynsamlegum innkaupum.

Þá kemur maður til dæmis í veg fyrir að leigja vonda spólu á myndbandaleigu og kasta þar með peningunum á glæ, eða kemur í veg fyrir að verða einhvers staðar strandaglópur og þurfa að taka leigubíl eða yfir höfuð að þurfa að steypa sér í skuldir þegar það er miklu betra að geta átt fyrir hlutunum og þurfa ekki að skulda vegna þess að það er dýrt að skulda.“



VERÐ Í ÞREMUR BORGUM

Fréttablaðið fór á stúfana á dögum og lét kanna verð á þremur algengum en ólíkum vörum í heimsborgunum London, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Vörurnar sem teknar voru fyrir að þessu sinni eru umgangur af fjórtán tommu sumardekkjum undir Ford Focus, 200g pakki af Ritz-kexi, og tveggja gigabæta iPod Nano.



Borg	Dekk	Ritz	iPod
London	27.676 kr.	111 kr.	16.329 kr.
Kaupmannahöfn	27.100 kr.	109 kr.	20.368 kr.
Reykjavík	26.758 kr.	114 kr.	24.990 kr.

Öll verð eru með virðisaukaskatti og miðast við gengi gjaldmiðla þegar þau voru könnuð. Ekki var leitað eftir ódýrasta verðinu á hverri vöru.

■ Hekla afhendir 300 bíla:

Bílaeiga vex á milli ára

Hekla afhenti á dögum yfir 300 bíla af gerðinni Volkswagen, Skoda og Mitsubishi til Hölds-Bílaeigu Akureyrar.

Steingrímur Birgisson, framkvæmdastjóri bílaeigunnar, segir að þótt síðasta ár hafi verið eitt mesta ferðamannaár í sögunni sé útlit fyrir að heildarmarkaður bílaeigu fari vaxandi í sumar og því sé verið að stækka bílafflotann og auka úrvalið.



- æþe

■ Rótgróið apótek hættir

Eyjar rúmi ekki tvö apótek

Hanna María Siggeirsdóttir hefur ákveðið að flytja úr bænum og hætta rekstri Apóteks Vestmannaeyja og selja Lyfjum & Heilsu þann hluta rekstursins sem lýtur að „viðskiptavild og lager.“ Apótekið hefur verið starfrækt í rúma öld.

Lyf & Heilsa fengu leyfi fyrir rúmu ári fyrir því að opna annað apótek í Vestmannaeyjum, en Hanna segir markaðinn ekki rúma tvö apótek. Beiðni Lyfja & Heilsu hafði áður verið hafnað, en Hanna segist ekkert vita um tildrög þess að fyrirtækið hafi fengið leyfi. Samkeppniseftirlitið skoðar nú hvort Lyf & Heilsa reyni að bola burt öðrum apótekum.



- sgj

■ Netklúbbur Icelandair:

Glasgow á 18.900 út júlí

Netklúbbsfélögum Icelandair stendur til boða að fljúga til Glasgow og til baka fyrir tæpar níttján þúsund krónur í júní og júlí.

Flogið er alla daga vikunnar til Glasgow nema fimmtudaga og laugardaga. Síðasta heimkoma er 31. júlí og lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags.

Framboð á sætum á þessu verði er takmarkað og eingöngu er hægt að bóka á netinu.

- æþe



UMFERÐ Í BORGinni Nú er hægt að reikna út nákvæmlega hve miklu eldsneyti bíllinn eyðir í ferðalaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eldsneytisreiknir hjálpar ferðalöngum

Orkusetrið hefur nýlukið við að setja tvær gagnvirkar eldsneytisreiknivélar á netið. Þær má meðal annars nota til að reikna út eldsneytiseyðslu í fyrirhuguð ferðalög. Framkvæmdastjóri Orkusetursins segir vélnar þarft tæki.

Inni á heimasíðu Orkusetursins er hægt að bera saman rekstrar- og umhverfiskostnað bifreiða við mismunandi forsendur og eldsneytiseyðslu minni og stærri sjálf- og beinskípra bifreiða. Hægt er að velja mismunandi akstur á ári og reikna fyrir eitt eða fleiri ár í senn. Til gamans má geta þess að miðað við sama kílómetrafjölda getur munað um fjögur hundruð þúsund krónum á ári á að reka Toyota Hilux og Toyota Prius við sömu aðstæður.

Með hinni reiknivélinni er hægt að reikna út eldsneytiskostnað við innan- og utanbæjarakstur. Til að reikna út eldsneytiseyðslu við innanbæjarakstur er fjöldi kílómetra valinn en við útreikning eldsneytiseyðslu í utanbæjarakstri býður síðan

upp á að valinn sé brottfarar- og áfangastaður af lista. Þessi reiknivél gæti nýst ferðaþyrstum þegar sumarfríið er skipulagt.

Sem dæmi má nefna að það kostareigenda Dodge Ram-pallbils 14.676 krónur að aka honum frá Reykjavík til Vopnafjarðar á meðan að það kostar 2.800 krónur að aka Volkswagen Golf TDI sömu vegalengd.

Sigurður Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkusetursins, segir að hér sé um að ræða bráðnaðsynleg tæki fyrir bifreiðareigendann og þarft innlegg inn í samgönguumræðuna hér á landi. Sigurður vill þó taka fram að tölurnar séu ekki áreiðanlegar í öllum tilfellum. Þá getur ástand vega og íslenskt veðurfar kallað á meiri eyðslu og

tölurnar í gagnagrunninum miði við óbreytta bíla á venjulegum dekkjum.

Stefnan er að bæta stöðugt við valmöguleika reiknivélanna. „Við ætlum okkur að bæta stöðugt við nýjum bifreiðum og hugsanlega setja inn fleiri orkubera eins og metan, rafmagn og vetni til samanburðar, enda fróðlegir tímar framundan í eldsneytismálum,“ segir Sigurður. „Á síðunni er hægt að sjá hversu mikið bíllinn mengar og þannig getur fólk gert sér grein fyrir eigin umhverfisáhrifum. Það er mikilvægt því að í nánustu framtíð er fyrirhugað að kolefnisgjald leggist á bifreiðar og því mikilvægt að hafa það í huga við kaup á bíl.“

aegir@frettabladid.is

LÁTTU PENINGANA VAXA

VERÐTRYGGDUÐ

BÚSTÓLPI

3,9% raunvextir

Taflan sýnir mögulega nafnvöxtun Bústólpm.v. mismunandi verðbólgu

Raunvextir	Verðbólga	Nafnvextir
3,9%	7,5%	11,7%
3,9%	7,0%	11,2%
3,9%	6,5%	10,7%
3,9%	6,0%	10,1%

Verðbólga á síðustu 12 mánuðum var 7,6%. Athugið að ávöxtun í fortíð segir ekki til um ávöxtun í framtíð.

Bústólpi er verðtryggður reikningur sem ber hámarksávöxtun. Hver innborgun er bundin í 48 mánuði en eftir þann tíma er hún laus til úttektar í einn mánuði senn á sex mánaða fresti.

Kynntu þér Bústólpa og aðrar góðar sparnaðarleiðir í næsta útibúi KB banka, í síma 444 7000 eða á kbbanki.is.

KB BANKI

EITT LÍF – NJÓTUM ÞESS



HEILSU OG HÆGINDADAGAR TILBOÐIN Í FULLUM GANGI!

FJÖLDI TILBOÐA Á
STILLANLEGUM RÚMUM!



King
193x203 cm.
Cal. King
183x213 cm.
Dýna
Botn
Lappir
Hlíðardýna
Lúxuslak
AÐEINS KR
159.900,-



Queen
152x203 cm.
Dýna
Botn
Lappir
Hlíðardýna
Lúxuslak
AÐEINS KR
119.900,-



15 sekúndur

Áttu von á gestum? Glæsilegur sýningarsalur okkar er fullur af nýjum svefnsófum – NÚ Á TILBOÐI!

EKKI MISSA AF ÞESSU!!!

„ORÐRÉTT“

Sérstök hljóðfærasmíð

„Ferlið byrjar þannig að ég heyri í hljóðfærinu og svo fer ég að smíða það.“

LÁRUS SIGURÐSSON SMÍÐAR HLJÓÐFÆRI Á SÉRSTÆÐAN HÁTT Í TRÉSMÍÐJUNNI Á SÓLHEIMUM. FRÉTTABLAÐIÐ, 24. JÚNÍ.

Ham í ham

„Núna erum við eins og við vorum þegar við vorum bestir.“

ÓTTARR PROPPÉ ER SÖNGVARI HLJÓMSVEITARINNAR HAM SEM HEFUR KOMIÐ SAMAN Á NÝ. MORGUNBLAÐIÐ, 24. JÚNÍ.

nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL

HM 2010 Á RÚV



GRÍMUR ATLASON

Pínulítið óeðlilegt

„Það er pínulítið óeðlilegt að Ríkissjónvarpið sé að kaupa svona dagskrárliði,“ segir athafnamaðurinn Grímur Atlason um það að Ríkissjónvarpið hafi tryggt sér sýningarréttinn á heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu árið 2010. „Þótt ég hafi verið mjög hlynntur því að hafa ensku knattspyrnuna á Ríkissjónvarpinu með Bjarna Fel og allt það þá er það alltaf spurning hvað Ríkissjónvarpið á að kaupa. Þótt það geti svo sem talist almannaheill að horfa á fótbolta þá er spurning hvort Ríkissjónvarpið ætti ekki frekar að kaupa og einbeita sér að því að búa til öfluga innlenda dagskrá og leyfa öðrum að bjóða þessa trilljarða sem kostar að sýna heimsmeistarakeppni. Þótt það komi auðvitað auglýsingatekjur inn á móti þá dugur það væntanlega ekki. Þetta snýst orðið svo mikið um peninga og ég er ekki á því að Ríkissjónvarpið eigi að vera að spandera peningum sínum í svona. Það er ekki hlutverk Ríkissjónvarpsins að færa okkur formúlu og heimsmeistarakeppni í fótbolta. Hvað kemur þá næst? Ætla Ríkissjónvarpið að fara að kaupa sýningarrétt á Meistaradeildinni? Mér mun örugglega finnast frábært að þurfa ekki að borga fyrir þetta þegar þar kemur en það eru miklu merkilegri og þarfari hlutir sem Ríkissjónvarpið ætti að spá í.“

Hálfbaunin komin til að vera

Arnfirðingar eru óþreyjufullir þegar kemur að skemmtunum. Þeim þykir langt að þurfa að bíða eftir svokallaðri baunahátíð eða Bíldudals grænum sem er haldin annað hvert ár. Við því er ekkert annað að gera en að slá upp annarri árlegri hátíð, hálfbauninni.

„Við höfum haldið mikla hátíð annað hvert ár sem nefnist Bíldudals grænar eða bara baunahátíðin,“ segir Hannes Friðriksson, verslunarmaður á Vegamótum á Bíldudal. „En þegar kemur að skemmtunum þá halda Arnfirðingum engin bönd og því var nauðsynlegt að halda aðra hátíð svo menn þurfi ekki að bíða í tvö ár og þá kom hátíðin hálfbaunin til skjalanna. Það var kominn skemmtanafiðringur í menn þannig að það varð bara að drífa í þessu; bara einn, tveir og bingó!“

Ekki létu viðbrögðin á sér standa á þessari fyrstu hálfbaunahátíð en Hannes segir að íbúafjöldinn hafi tvöfaldast enda var mikið um að vera. „Þetta byrjaði á föstudagskvöld þegar nokkrir af þeim fjölmörgu tónlistarmönnum sem við höfum af að státa tróðu upp í Kaupfélaginu sem er bar og veitingastaður hér á Bíldudal,“ segir Hannes sem er enn að ná áttum eftir allt húllumhæið. „Svo frum-sýndi leikfélagið Baldur leikritið Rauðhetta og úlfurinn á laugardaginn en okkar maður, Þröstur Leó Gunnarsson, leikstýrði. Það er gaman frá því að

Það var kominn skemmtanafiðringur í menn þannig að það varð bara að drífa í þessu; bara einn, tveir og bingó.



TRÚBADORINN OG VARAÞINGMAÐURINN Í GÓÐUM GÍR Þórarinn Hannesson nýtur hér liðsins Péturs Bjarnasonar sem áður lék lagið Ég er frjáls eins og fuglinn og það fer vel á því að hann syngi það enn enda varaþingmaður Frjálslynda flokksins.

segja að troðfullt var á sýninguna og góður rómur gerður að henni en nokkuð er síðan að leikfélagið hefur sýnt heilt verk.“

Bílddælingar eru ekki á flæðiskeri staddir þegar söngskemmtanir eru annars vegar en þá hafa þeir úr fjölmörgum hljóðfæraleikurum og söngvurum að velja. „Þórarinn Hannesson hélt tónleika hér á Vegamótum á laugardaginn en veitingastaðurinn fagnar nú 20 ára afmæli. En það er nú þannig þegar Arnfirðingar koma saman að hvert tónlistaratriðið rekur annað svo að það var ekkert lát á söng og gleði fyrr en um klukkan þrjú og troðfullt allan tímann, alveg út á plan en við höfðum slegið upp tjöldum við húsum og ekki var vanþörf á.“

Meðal hljóðfæraleikara sem stíga á stökk á Vegamótum var Pétur Bjarnason, Arnfirðingur og varaþingmaður, sem þandi nikkuna af mikilli list. Hann var á sínum tíma meðlimur í hljómsveitinni Facon sem gerði lagið Ég er frjáls vinsælt og hljómar það jafnan þar sem Arnfirðingar koma saman.

Í gær var svo haldin einskona sjómannahátíð við bryggjuna en veðrið sem hafði sviði Bílddælinga á sjómannadaginn var með besta móti alla helgina. „Krakkarnir keppa í sjómannaheikjum eins og reiptogi, belgjahoppi og svo jakahlaupi en þá stikla menn á litlum flekum en hafna í sjónum ef þeim verður á í messunni,“ segir Jón Þórðarson athafnamaður. „Svo var farið í siglingu og grillað í óbyggðum Arnarfjarðar.“

Nú er unnið að því að koma á laggrinnar sérstöku skrimslasafni á Bíldudal en Arnarfjörður er sagður með mestu skrimslafjörðum á landinu og þótt víðar væri leitað. Nú stendur til að fanga skrimslin í verksmiðjuhúsi þar sem baunirnar voru niðursoðnar á árum áður.

jse@frettabladid.is



FJÖLMENNI VIÐ GRILLIÐ Það var nóg að gera við grillið á Vegamótum enda fjölmargir sem vildu samgleðjast eigendum og starfsfólki á 20 ára afmæli staðarins.



ÖRN GÍSLASON, GÍSLI ÆGIR ÁGÚSTSSON, HANNES FRÍÐRIKSSON OG ÁGÚST GÍSLASON Það er ekki skortur á söngvurum þegar Arnfirðingar koma saman. Hér er söngvarinn Gísli Ægír innan um margreinda leikara. Eins og sjá má á Hannesi skortir heldur ekki leikræna tilbúði við flutninginn.

BIRNA FRÍÐBJÖRT

GLÆNÝTT
VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT



TRYGGÐU PÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MEÐ **30% AFSLÆTTI** Á ADEINS **489 KR.** EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI



VEGGFÓÐUR.

ASKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

SAMSUNG

Dyrnar

að þínum draumum



Skápar til innbyggingar

Rústfrítt stál og ál

SAMSUNG



RS21KLSR - Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihölf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
299.900,-



RS21KLAL - Ál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihölf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
329.900,-

RS21KCSM
Lakkað Stál.
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og Klakavél og kælt vatn. Sér kælihölf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
249.900,-

Stál, kámfrír

SAMSUNG

RS21DASM
Lakkað Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
209.900,-

SAMSUNG

kæli- og frystiskápar



SAMSUNG

Hvítir kæliskápar



RS21NASV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og LCD stjórnborð.
139.900,-



RS21DASV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
179.900,-



RS21FASV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
199.900,-



RS21KCSV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihölf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
229.900,-

Einfaldir kæliskápar

SAMSUNG



RL36EBSW Hvítur
182 cm á hæð kælir og frystir
69.990,-



RL39EBSM Stál lakkaður
192 cm á hæð kælir og frystir
89.990,-



RL39WBSW Hvítur
192 cm á hæð kælir og frystir og með vatns tank fyrir kalt vatn
89.990,-



RL39WBMS Stál lakkað
192 cm á hæð kælir og frystir og með vatns tank fyrir kalt vatn.
99.990,-

Umboðsmenn:

Suðurland: Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.

Vesturland: Model Akranesi.

Vestfirðir: Pristur Ísafirði.

Norðurland: Bókaverslun Pórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.

Austurland: Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

RÁDIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000




ORMSSON

SMÁRALIND
Sími 530 2900
LÁGMÚLA 8
Sími 530 2800

Ný Ormsson verslun í Keflavík | Hafnargötu 25 | Sími 421 1535

Svona erum við

> Fjöldi brautskráðra nemenda á háskólastigi skólaárið 2003-2004 eftir landshlutum.



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: NORÐUR-KÓREA

Vígbúnaðarbrölt veldur áhyggjum

Norður-Kórea hefur komist í heimsfréttir að undanförmum vegna fregna af væntanlegu tilraunaskoti langdrægrar eldlaugar sem gæti borið kjarnorkuvopn. Í áratugi hafa íbúar Vesturlanda lítið fengið að vita um hvað fram færi í kommúnist-aríkinu á norðurhluta Kóreuskagans. Ríkið varð til í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar og Kóreustríðsins og réð „Hinn mikli leiðtogi“, Kim Il-sung, þar lögum og lofum frá upphafi og gerir það enn – tólf árum eftir dauða sinn.

Hvernig er landinu stjórnað?

Kim Il-sung kynnti þjóðinni trúarbrögð sín, Juche, eftir Kóreustríðið í byrjun sjötta áratugarins og hefur stjórn ríkisins verið byggð á kommúnisma og leiðtogadýrkun frá valdatögu hans. Þrátt fyrir dauða hans 1994 er hann enn titlaður forseti „að eilífu,“ og þrátt fyrir að Kim Jong-il sonur hans sitji nú við stjórnvölinn. Sá er mikill glaumgosi og persónu-



dýrkun í kringum hann er mikil. Sagt er að um tvær milljónir manna hafi dáið í landinu seinasta áratuginn vegna fæðuskorts, sem er til kominn vegna náttúruhamfara og slæmra efnahagsstjórnunar.

leyti áróður og upphafningu á leiðtoganum Kim Jong-il og hans dagsdaglegu vangaveltum.

Hver hefur utanríkisstefna landsins verið?

Stjórnin í Pyongyang, höfuðborg landsins, hefur átt í köldu stríði við Suður-Kóreu, en samskiptin hafa færst í skárna horf á undanförmum árum. Her Norður-Kóreu er talinn fjölmennur, en tiltölulega illa búinn. Líklegt þykir að Norður-Kóreustjórn ráði ekki leyft alþjóðlegum vopnaeftirlitsmönnum að rannsaka. Bandaríkjastjórn hefur lýst landinu sem einu af „öxulveldum hins illa“ og samskipti við Kim Jong-il hafa verið stíð. Sex ríki víðræðum svonefndu, sem stefndu fulltrúum beggja Kóreuríkja, Kína, Japans, Rússlands og Bandaríkjaanna að samningaborði í því skyni að stuðla að öryggi og stöðugleika í heimshlutanum, hafa legið niðri um nokkurt skeið.

Hvernig er staða mannréttinda í landinu?

Mannréttindi eru talin fótum troðin í Norður-Kóreu. Áætlað er að um 200 þúsund manns sitji í fangelsum sem pólitískir fangar. Fólk getur verið þvingað til þrælkunarvinnu, til dæmis fyrir það eitt að hlusta á erlendar útvarpsstöðvar. Ríkið stjórnar öllum útsendingum, en þær innihalda að miklu

SPURT OG SVARAD: SAMEINING HÍ OG KHÍ

Kennaramenntun þarf að styrkja hérlendis

Sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands hefur verið töluvert í umræðunni síðan menntamálaráðherra skipaði nefnd til að kanna kosti hennar. Ólafur Proppé er rektor Kennaraháskóla Íslands og á sæti í nefndinni.



Hvernig standa viðræður?

Ráðherra skipaði nefnd í vetur, sem skilaði skýrslu þar sem hvatt var til þess að þetta yrði skoðað betur. Báðir skólar hafa síðan svarað ráðherra með formlegum hætti og mælt með áframhaldandi vinnu, þó út frá tilteknum forsendum enda viðamikil mál á ferð. Ef af sameiningu verður, er margt sem bendir til þess að hún muni eiga sér stað um mitt ár 2008. Annars kemur það í hlut Alþingis að semja endanleg lög um þetta mál.

Hvaða hagræðingu hefur sameiningin í för með sér?

Fyrst og fremst myndi sameining skólanna styrkja kennaramenntun hérlendis. Verði kennaranemum

boðið upp á mastersnám, verða þeir að hafa sterk tengsl við námsfögin. Á það einkum við um þá sem hyggjast kenna unglíngum og framhaldsskólanemum. Það gerist ekki nema aðstandendur skólanna sameini krafta sína. Margt fleira kemur þó til, meðal annars efling menntarannsóknna og svo framvegis.

Stendur eitthvað í vegi fyrir skjótri niðurstöðu?

Það hefur ekkert staðið í vegi fyrir sameiningu. Þetta er hins vegar stórt mál, sem krefst góðrar undirbúningsvinnu, meðal annars samningu skilvirkrar aðgerðaáætlunar. Það tekur mörg ár að sameina skóla svo að úr verði ein heildsteypt stofnun. Sjálfur tel ég betra að stækka og efla háskólana heldur en að fjölga þeim og sitja kannski uppi með marga litla skóla, sem eru ekki nógu burðugir til að halda uppi fjölbreyttu og vönduðu námi.

Bandalag hinna viljugu skreppur æ meir saman

Síðustu misserin hefur smám saman verið að kvarnast úr fjölbjóðlega herliðinu í Írak. Af þeim 43 ríkjum sem tekið hafa þátt í hernaðinum í Írak, auk Bandaríkjanna, hafa sextán ríki nú þegar kallað hermenn sína heim og á þessu ári fara hermenn tveggja ríkja í viðbót.

Nú síðast tilkynntu japönsk stjórnvöld að þau myndu kalla allt herlið sitt heim frá Írak fyrir júlílok. Japanar hafa verið með um sex hundruð hermenn í Írak, sem reyndar vegur ekki þungt í heildarfjöldanum. Þátttaka þeirra í aðgerðunum þótti þó hafa táknrænt mikilvægi vegna þess að þetta er í fyrsta sinn sem Japanar senda herlið á vettvang frá því seinni heimsstyrjöldinni lauk fyrir sextú árum.

Árið 2004 fækkaði um tíu ríki í fjölbjóðabandalaginu, og munaði þar mest um Spánverja sem kölluðu heim sína 1400 hermenn í beinu framhaldi af hryðjuverkunum í Madrid 11. september það ár. Ný ríkisstjórn vinstri manna sá enga ástæðu til að halda áfram



EISTLENDINGAR SITJA ÁFRAM Tveir eistneskir hermenn bíða átektu í Írak.

FRÉTTABLAÐIÐ/APP

stuðningi við innrásina, sem fráfarandi ríkisstjórn hægrri manna hafði jafnan lagt ríka áherslu á.

Á síðasta ári kölluðu fimm ríki hersveitir sínar heim, og í byrjun þessa árs bættist Búlgaría í hóp þeirra sem fóru og kallaði síðustu hermenn sína heim.

Núna eru 25 ríki eftir, auk Bandaríkjanna, sem halda úti herliði í Írak. Fjölmennast er breska herliðið, sem er skipað um það bil átta þúsund hermönnum, en almenningur í Bretlandi hefur ekki verið jafn fús og bresk stjórnvöld til þess að halda úti hersveitum í Írak.

Á annað hundrað breskir hermenn hafa fallið í valinn og nýverið var því haldið fram að meira en þúsund breskir hermenn hefðu gerst liðhlaupar frá því innrásin hófst árið 2003.

Bresk stjórnvöld hafa þó engin áform um annað en að standa þétt við hlið Bandaríkjamanna eins lengi og þurfa þykir.

Stórt skarð í raðir fjölbjóðasveitanna í Írak verður eftir brotthvarf ítalska hersins, sem ný ríkisstjórn Romanos Prodi á Ítalíu tók ákvörðun um strax og hún komst til valda fyrir fáeinum vikum. Ítalir ganga hratt til verks og ætla að vera búnir að flytja allt sitt herlið heim til Ítalíu fyrir árslok.

Suður-Kórea ætlar einnig að kalla heim stóran hluta af hersveitum sínum fyrir árslok, eða um þúsund hermenn af alls 3.200 manna liði sínu í Írak. Eftir að ítölsku hermennirnir verða farnir þá verður Suður-Kórea eina ríkið, auk Bandaríkjanna og Bretlands, sem hefur fleiri en þúsund manns í Írak.

Að bresku hermönnum meðtöldum er samanlagður herafli þessara bandamanna Bandaríkjaanna í Írak núna kominn niður fyrir fimmtán þúsund.

Brotthvarf hermanna þessara ríkja frá Írak hefur flækt nokkuð fyrir áformum Bandaríkjamanna sjálfra um að fækka í eigin herliði í Írak. Herafli Bandaríkjanna í Írak er miklu meiri en samanlagður allur herafli annarra ríkja þar í landi. Bandarísku hermennirnir eru nú um 127 þúsund talsins, og hefur fækkað nokkuð frá því í fyrra þegar fjöldi þeirra var að jafnaði um 138 þúsund. Fjöldi

bandarískra hermanna í Írak hefur þó ekki verið stöðugur og þegar mest var fór hann upp í 160 þúsund.

Bandarískir ráðamenn gera sér vonir um að Írakar geti sjálfir smám saman tekið að sér að gæta öryggis í landinu, og vonast til þess að í kjölfarið verði hægt og rólega hægt að draga úr herafli Bandaríkjamanna í Írak.

Núna í vikunni lögðu demókratar fram tvær tillögur í öldungadeild Bandaríkjamanna um að herinn verði kallaður heim hið fyrsta. Önnur tillagan gerði ráð fyrir því að brotthvarf bandaríska hersins hefjist strax og verði lokið um mitt næsta ár, en hin tillagan gerði ráð fyrir því að brotthvarfið hefjist sem fyrst en engin lokadagsetning væri ákveðin.



JAPANIR PAKKA SAMAN Japanska herliðið í Írak er strax byrjað að pakka niður farangri sínum og búa sig undir brottflutning.

FRÉTTABLAÐIÐ/APP

Eins og við mátti búast hlaut hvorug tillagan samþykki, enda eru repúblíkanar með traustan meirihluta í deildinni, en þingskosningar verða í nóvember næstkomandi og kröfur um brotthvarf hersins verða tvímælalaust eitt af kosningamálunum enda hefur stuðningur almennings í Bandaríkjunum við stríðið minnkað töluvert og sívaxandi þrýstingur er á bandarísk stjórnvöld að kalla herinn heim.

Óvinsældir hernaðaraðgerðanna í Írak hafa einnig orðið Bandaríkjunum til nokkurs trafala á alþjóðavettvangi, eins og meðal annars má sjá á því að þau hafa undanfarið mætt töluverðri tregðu við að afla stuðnings við refsiaðgerðir gegn Íran.



FRÉTTASKÝRING

GUDSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

Eldvarnartæki – til öryggis

Fyrir heimilið, sumarbústaðinn, vinnustaðinn og hótelið

1.056 kr.
Reykskynjari 9v



3.459 kr.



Eldvarnarteppi
100x100cm

4.950 kr.



Dufttæki 2kg með mæli og bilfestingu

6.698 kr.



Dufttæki 6kg með mæli og veggfestingu

6.957 kr.
50l grá/svört



8.573 kr.
30l ryðfritt stál



2.737 kr.
15l blá/svört



Eldvarnarfötur

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



ALLM ÖTSALA

í fullum gangi



- MEDION®**
- HD Ready LCD sjónvarp
 - Upplausn 1366 x 768
 - 1000:1 í Skerpu
 - Birta 500cd/m2
 - 8ms viðbragðstími
 - Mynd í Mynd (PIP)
 - Textavarp með 2100 síðna minni
 - Styður PAL/SECAM/NTSC
 - 2 x 10W RMS hátalarar innbyggðir
 - HDMI tengi með HDCP stuðning
 - 2x SCART, Composite og S-Video
 - DVI-I tengi fyrir tölvur og HD efni
 - Fullur HDCP stuðningur fyrir HD útsendingu

Skýrari mynd
Venjuleg sjónvörp eru með 640x480 upplausn. Medion 40" LCD getur sýnt 1366 x 768 línur eða þrefalt skýrari mynd en gamla tæknin ræður við!

Tengdu við tölvuna
Stafrænt tölvutengi svo þú getur notað sjónvarpið sem risatölvuskjál! Gerist ekki betra með nýjustu leikina.

Mynd í mynd
Hægt að sjá hvað er í gangi í sjónvarpinu á meðan þú horfir á DVD eða eitthvað annað.

7.015
Tölvu- og tækjalán 48 mán.

19.999
Vaxtalaust 12 mán.

239.988
Staðgreitt

7.015*

40.000 kr
verðlækkun
~~279.988~~

VERÐ HRUN

KRAFTIMIKIÐ TILBOÐ!

50% afsláttur með öllum
32" og 40" flatsjónvörpum!

Tilboð sem hljómar vel!



SONY
DAVDZ300
SONY HEIMABIÓ DAVDZ300
Fjölkerfa
S-Master Digital Magnari
800 Wött (5x133W +135W)
Útvarp FM/AM RDS

Spilar VCD/S-VCD/MP3/JPEG/Divx
Dolby Digital, DTS og PLII
Pal Progressive Scan
Hljóðtengi fyrir videótæki
Fjarstýring

DOLBY DIGITAL



SONY GÆÐI

2.499
Á MÁNUDI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
29.994
STAÐGREITT
~~59.988~~

WiFi
TOSHIBA
PSAA2E-01D02CED
TOSHIBA SATELLITE A100-523
Intel® Celeron M 380
1024MB DDR Minni (Mest 1GB)
60GB diskur
15.4" TruBrite XGA skjár WideScreen
Upplausn: 1280 x 800
ATI Radeon® Xpress 200M
DVD Super Multi brennari
10/100 Ethernet og V.90 mótald
VGA, TV-OUT
4x USB 2.0, hljóð inn/út
33.2 x 27 x 3.7cm, 2.7 kg
Rafhloðuending allt að 1:30 klst. (Mobile Mark™)
Þráðlaus netstýring 802.11BG
Windows XP Home
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

24.000 kr
afsláttur!



- 1024MB** vinnsluminni
- 60GB** harður diskur
- DV Ready**
- ATI skjástýring**

5.365
Tölvu- og tækjalán 36 mán.

8.999
Vaxtalaust 12 mán.

95.988
Staðgreitt

119.988
5.365*

BT

Opið til 22 í Skeifunni

skoðun

SJÓNARMÍÐ
AÐUNN ARNÓRSSON

Evrópuheimsókn Bandaríkjaforseta:

Viðleitni til að bæta ímynd

Í höfuðborgum Habsborgaraveldisins gamla, Vín og Búdapest, er umferðin komin aftur í samt lag eftir umsátursástandið sem skapaðist þegar tigginn gestur vestan frá Washington drap þar niður fæti í síðustu viku. Þótt ekki hafi margt eða merkilegt verið ákveðið á fundum George W. Bush Bandaríkjaforseta með leiðtogum Evrópusambandsins í Vín né með ungerskum ráðamönnum í Búdapest leiddi þessi heimsókn hans til evrópska meginlandsins að minnsta kosti eitt skýrt í ljós: að „leiðtogi hins frjálsa heims“ gerði sér fulla grein fyrir því að hann ætti við ímyndarvanda að stríða í Evrópu sem hann gæti ekki látið sér standa á sama um.

Frá því Bush tók við lyklavöldum í Hvíta húsinu fyrir fimm og hálfu ári hafa vinsældir Bandaríkjana og traust á Bandaríkjaforseta í hugum almennings í flestum löndum Evrópu beðið mikinn hnekki. Lengi vel sáu Bush og þeir ráðgjafar hans sem hann helst hlustaði á ekki ástæðu til annars en að kæra sig kollótta um viðhorf Evrópubúa. Dýpst varð vikin milli vina er deilurnar um Íraksstríðið stóðu sem hæst fyrir rúnum þremur árum. Nú er máluð svo komið í Írak að Bandaríkjamenn sjá að án bandamanna fær jafnvel mesta efnahags- og herveldi heims ekki miklu áorkað. Hvert málið hefur rekið annað sem enn hefur rýrt traust Evrópumanna á stefnu Bandaríkjaforseta – Abu Ghraib, Haditha, leynilegt fangaflug CIA og Guantanamo eru nokkur stikkorð þessa ímyndarvanda.

Það var því engin tilviljun að ummæli Bush um fangabúðirnar í herbúðum Bandaríkjaforseta við Guantanamo-flóa á Kúbu voru aðalfyrirsagnafnið í fréttaflokkningi af fundi hans með forsvarsmönnum Evrópusambandsins í Vín. Hann sagði óska þess sjálfur að hægt væri að loka búðunum. Með þessum orðum sínum gerði hann gestgjafanum, Wolfgang Schässel Austurríkiskanslara sem lætur af formennskunni í Evrópusambandinu nú um mánaðamótin, kleift að láta líta svo út sem honum hefði tekist að telja bandaríska gestinn á að taka tillit til áhyggna Evrópumanna af mannréttindum fanganna í Guantanamo.

En sennilega er það aðeins svo við fyrstu sýn. Því að umfram hina táknrænu viljayfirlýsingu um að loka skuli búðunum ætlast báðir aðilar, Bandaríkja- og Evrópumenn, til þess að fram fari umræða um það hvernig hægt sé að samræma það að ekki sé veittur afsláttur af hefðbundnum mannréttindum Vesturlanda en samt sé gripið til nauðsynlegra ráðstafana til að bregðast með skilvirkum hætti við hinni óhefðbundnu ógn sem af hryðjuverkaöflum nútímans stafar. Bandaríkjamönnum þykir Evrópumenn sýna skínhelgi í forðæmingu sinni á meintum mannréttindabrotum á föngum sem grunaðir eru um að tengjast hættulegum hryðjuverka-hópum.

En Guantanamo-deilan er aðeins angi stærra máls sem grundvallarágreiðingur ríkir um milli Evrópu- og Bandaríkjamanna. Það snýst um ólíka skynjun á ógnum og hættum nútímans, og um ólíka hæfni og vilja til að bregðast við þeim á hnattræna vísu. Samstaða Evrópuveldanna og Bandaríkjaforseta um stefnuna gagnvart Íran gefur þó von um að bandamennirnir beggja vegna Atlantshafsins leggist á eitt þegar mest á riður.

Hugsjónabaráttan

Feministar standa fyrir öflugustu hugmyndafræðilegu umræðunni á Íslandi um þessar mundir. Um aldamótin síðustu var mikil gróska í umræðu um frjálshyggju, svo orðu róttækir vinstri menn áberandi. Þeir sem berjast fyrir breyttu viðhorfi til umhverfismála hafa einnig fengið byr undir báða vængi. Oftast tengist þessi umræða kraftmiklu ungu fólki sem vill berjast fyrir hugsjónir sínar. Það skrifar, mótmælir og vekur athygli á málstað sínum með ýmsum hætti.



Einn áhuga-verðasti þátturinn á NFS þessar vikurnar er þátturinn Óþekkt. Þáttastjórnendurnir, Kristín

FRÁ DEGI TIL DAGS

Tómasdóttir og Alffra Ketilsdóttir, horfa á samfélagið gagnrýnum feminískum augum. Hressandi umræða á laugardagsmorgnum – hvort sem áhorfendur eru sammála eða ósammála því sem þar kemur fram.

Skrifstofupólitík

Átökin í kringum Straum-Burðarás fjárfestingarbanka hafa gefið mönnum tilefni til að stínga saman nefjum þar sem þeir hittast. Forstjórinn Þórður Már Jóhannesson var látinn fara í síðustu viku eftir að Björgólfur Thor Björgólfsson treysti honum ekki lengur. Friðrik Jóhannsson, sem var forstjóri Burðarás, settist í stól Þórðar. Á fimmtudaginn mætti hann til vinnu og heilsaði upp á starfsfólk. Hann kom sér þó ekki fyrir á gömlu skrifstofu Þórðar

Más heldur fann sér starfsaðstöðu á sömu hæð í Borgartúnu og flestir starfsmenn starfa. Þórður Már var með skrifstofu á efri hæð þar sem gestir komust ósédur á hans fund enda oft viðkvæm mál til umræðu.

Nafnlaust

Í fréttum Sjónvarpsins í síðustu viku var vitnað í skrif á vefsíðunni Tíkin.is sem Olga Austfjörð er skrifuð fyrir. Fyrirsögn greinarinnar er „Kjafthögg fyrir konur í Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík“ og fjallar um rýran hlut kvenna við stjórnun borgarinnar. Olga Austfjörð er dulnefni sem notað er á greinar sem enginn vill skrá sig fyrir. Á vefsíðunni birtast líka greinar merktar ritstjórn og á hennar ábyrgð. Spurningin er hver ber ábyrgð á greinum Olgu Austfjörð.

bjorgvin@frettabladid.is

Bubbi kóngur

Bubbi Morthens varð fimmtugur á dögumum og þjóðin fagnaði innilega. Ekki síðan Laxness leið hér verið haldið upp á afmæli listamanns á landsvísi. Bubbi var vel að því kominn. Hann hefur gefið okkur svo mikið og svo lengi. Bubbi á okkur, við eigum Bubba. „Bubbi Morthens er heilagur spámaður frá Austurlöndum,“ sagði Megas í viðtali í Stúdentablaðinu árið sem Bubbi stökk alskapaður (og vanskapaður að sumum okkar fannst) fram á svið Íslandssögunnar. Ég var einn þeirra vantrúðuðu. Sem harður Megasarmaður skildi ég ekki orð meistarans: Hvernig gat hann, sjálft stuðlasénið, hampað manni sem rímaði „pretta“ við „velta“ og „skrokk“ við „brott“? Hér var komið hið fræga „Bubbarím“, hugtak sem mig minnir að Davíð Þór Jónsson hafi síðar fundið upp. Fleiri fundu enn meira að textum Bubba og úr varð mikið havarí á síðum Þjóðviljans. Gamla vinstri menntamanna-elítan, sem taldi sig eiga „skáldamálið“ rak upp reginvein. „Ný Leirgerður“ sögðu fyrirsagnirnar yfir greinum þjóðháttafræðinganna og íslenskufræðinganna. Þeir höfðu rétt fyrir sér. Textarnir voru ekki „rétt“ ortir. Þeir voru rangstuðlaðir og veikrímáðir, en því var þó ekki að neita að þeir voru SANNIR. Tilfinningin í þeim var ekta, hárrétt.

Eftir á að hyggja var hér um að ræða hefðbundin mótmæli: Þegar stórir hæfileikar stíga fram rísa þeir smærri stundum upp. Þeim sem telja sig eiga menninguna og tímann er skyndilega ógnað af ókunnum og utanaðkomandi manni. Fram kemur syngjandi skáld sem menn finna á sér að mun hafa mótaði áhrif á menninguna næstu áratuginna og þeir rísa gegn því vegna þess að í huga þeirra átti SKÁLD TÍMANS ekki að vera svona. Og það átti heldur ekki að koma úr þessari átt. Úr Háskólanum kannski en alls ekki ofan af verbúðarlofti á Eskifirði.

Þótt Bubbi hafi ekki raðað orðum sínum „rétt“ saman voru þau jafn sterk og stál og hnífur og stungu sér beint í hjarta þjóðarinnar. Enginn maður á Íslandi kann

Í DAG

BUBBI MORTHENS
FIMMTUGUR

HALLGRÍMUR
HELGASON



Þótt Bubbi hafi ekki raðað orðum sínum „rétt“ saman voru þau jafn sterk og stál og hnífur og stungu sér beint í hjarta þjóðarinnar. Enginn maður á Íslandi kann ekki kvæðið hans um sjómanninn sem aldrei veit hvort hann lifir annan dag.

ekki kvæðið hans um sjómanninn sem aldrei veit hvort hann lifir annan dag. Hvort sem það er vegna lagsins, ljóðsins eða „dularfyllingar“ sögunnar er „Stál og hnífur“ nú orðið eitt okkar magnaðasta kvæði. Einfalt, banalt, djúpt og dularfullt, allt í senn. Það er okkar „Cordóba“ eftir Lorca.

En eins og Silja Aðalsteinsdóttir benti á í fallettri ræðu í fimmtugs-afmælinu sat Bubbi aldrei í sigrum sínum heldur stefndi að nýjum. Og hann hefur líka þorað að þroskast; sjaldgæfur eiginleiki í rokkheimum.

Smám saman áttaði maður sig á því að Bubbi var í raun og sann spámaður úr Austurlöndum. Ambögurnar voru aðeins fæðing- arblettir á þessu barni sem gerði ekki annað en stækka og stækka. Bubbi var mættur, „warts and all“, og maður gat ekki annað en kyngt honum. Gallarnir hurfu í kraftinum. Þegar maður svo heyrði „Kyrrlátt kvöld við fjörðinn“ í fyrsta sinn var ekki annað að gera en taka ofan.

Löngu síðar sagði Bubbi Morthens í viðtali að hann hefði deilt við Megas um textagerð. „Lag og texti á að vera ein heild. Textinn má því ekki vera of flókinn. Hann á að

vera sémilega einfaldur ef hann á ekki að bera lagið ofurlíði.“ Kannski var Megas ósammála þessu, ég man það ekki, en ólíkir eru þeir að minnsta kosti, þessi tvö höfuðskáld samtímans. Á meðan Megas læðist lúmskur í eyra kemur Bubbi beint í andlitnið á manni. Einfaldur, sterkur, einlægur og skýr. „Það er gott að elska.“ Fyrir vikið fylgja manni fleiri Bubbalínur í gegnum lífið. Í hverri viku ratar einhver þeirra fram á innri varirnar: „Ég á engan skjöld, ég á ekkert sverð. Ég verð bara einmanna þegar þú ferð.“ Og ef maður er að keyra einn um kvöld og lendir á „Róméó og Júlíu“ í útvarpinu er stutt í tårin.

Og þó var ég aldrei „Bubbfan“. Ekki þar til ég hitti manninn sjálfan. Á Þorláksmessu 1990. Hann var að gefa út ævisögu sína, ég mína fyrstu skáldsögu (sumir eru seinþroska). Á skrifstofu Halldórs Guðmundssonar á Máli og menningu fór fram árlegt koniáksteiti þar sem saman komu helstu skáld landsins ásamt þeim mönnum íslenskum sem mest höfðu lesið af heimsbókmenntum og aðrir andans jöfrar. Ég fikraði mig feiminn í sæti og sagði ekki orð, myndlistarmaður í skáldahópi. En skömmu síðar birtist Bubbi, stillti sér upp á miðju skrifborði og hóf að tala, segja sögur. Kannski var sjálfs- traustið knúð af plöntum og plötu- sölu en skemmtigildið var ósvikið. Próffessorar og skáldpáfar tóku bakföll undir sögum „poppstjórnun- unnar“. Bubbi var hreinlega „stærstur“ í þessum hópi.

Seinna kynntist ég Bubba betur, fór meðal annars með honum í jóla- ferðir á Hraunið, fann hve djúpan brunn hann hefur að geyma og varð á endanum „Bubbfan“. Hann er okkar Bellmann, okkar Anderson, okkar Springsteen. En þó fyrst og fremst okkar.

Helgina fyrir afmæli Bubba sagði Halldór Ásgrímsson af sér sem forsætisráðherra. Geir H. Haarde tók hinsvegar ekki við fyrr en viku síðar. Afmælisvikuna var því forsætisráðherra laust á Íslandi. Þá var landið konungdæmi, kóng- inum til heiðurs. Hann lengi lifir.

visir

VEF TV

NFS Í BEINNI
Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega
sem dvelja í u.p.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.



MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík ADALSíMI: 550 5000 SíMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFfang: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis í heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FLÍSAR Í STAÐ VEGGFÓÐURS

Hönnun Ranto Bisazza einkennist af hefðbundinni mósaík í sambland við nútímalegar og tilraunakenndar samsetningar á flísum.

HÚS 2

allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR

Ásbyrgi	16
Ás	28-31
Árborgir	27
Bakki	6
Domus	20
Draumahús	23-26
Draumahús Hafnarf.	32
Eignaumboðið	8
Eignastýring	35
Fasteignamiðlun FMG	15
FFA	12
Hof	17
Höfði	9
Íslenskir aðalverktakar	7
Lundur	18
Lyngvík	10
Neteign	12
Nýtt	13
Perla investment	36
Remax Lind	37
Valhöll	14



Þrjú þúsund fermetra lóð fylgir eigninni í Dalþingi 13.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn
26. júní, 177. dagur ársins
2006.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag

Reykjavík 2.57 13.31 24.03

Akureyri 1.36 13.15 24.51

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is

Glæsilegt einbýlishús við Elliðavatn

Fasteignasalan Stórborg hefur til sölu glæsilegt 162 fermetra einbýlishús ásamt 68 fermetra bílskúr á frábærum stað í Þingahverfi í Kópavogi. Húsið er staðsett við Dalþingi 13.

Húsið er norskt timburhús og stendur það á stórru þrjú þúsund fermetra gróinni lóð með stórum barrtrjám og frábæru útsýni yfir Elliðavatn. Húsið er byggt árið 2002 og á lóðinni hefur fengist leyfi til að byggja hesthús og verða reiðstígar alveg við lóðina. Eignin stendur rétt við Elliðavatn í götu sem nýlega hefur verið úthlutad eftirsóttum byggingarlóðum. Eignin skiptist í forstofu, hol, stofu, eldhús, baðherbergi og fjögur svefnherbergi. Í húsinu er stór 68 fermetra bílskúr með góðri lofthæð fyrir jeppa.

Komið er inn í húsið á flísalagða forstofu með fatahengi. Hiti er í gólfum í húsinu. Holið er flísalagt og inn af því er rúmgóð flísalögð stofa með mikilli lofthæð og frábæru útsýni yfir Elliðavatn. Fyrir utan stofuna er búið að gera undirstöður fyrir stóra verönd. Eldhúsið er beint úr holi og er það með hvítri innréttingu og góðum tækjum og flísum á gólfum en efri skápa í eldhúsið vantar. Baðherbergið sem er mjög rúmgott er flísalagt með sturtuklefa. Svefnherbergin eru fjögur og eru þau öll parketlögð með plastparketi. Verið er að ljúka gatnagerð á svæðinu og mun húsið verða tengt frárennsliskerfi Kópavogs. Gert er ráð fyrir annarri verönd út af gangi í suður- og vesturátt. Undirstöður eru einnig komnar þar. Vegna staðsetningar mætti kalla húsið sveitasetur í borg. Húsið var byggt árið 2002 og er það verðsett á sextíu og fimm milljónir króna.



Geldinganesið á að rúma átta til tíu þúsund manna byggð og ýmsa atvinnustarfsemi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aðalskipulag endurskoðað

GELDINGANESIÐ ER KOMIÐ Á DAGSKRÁ AFTUR.

Endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur er að hefjast. Sérstakur stýrihópur, skipaður af skipulagsráði borgarinnar mun hafa yfirumsjón með verkinu og er gert ráð fyrir að því ljúki haustið 2007. Nýr meirihluti hefur falið skipulagsfulltrúa að hefja strax vinnu við forsoðgn að

rammaskipulagi fyrir byggð á Geldinganesi. Gert er ráð fyrir að þar verði blönduð íbúðabyggð fyrir um átta til tíu þúsund manns, auk svæðis fyrir stofnanir, þjónustu- og atvinnustarfsemi. Áformað er að hlutfall sérbylís í þessu nýja hverfi verði um 35 prósent og hlutfall fjölbylís um 65 prósent. Stefnt er að því að úthlutun lóða í Geldinganesi geti hafist árið 2007.

www.nytthus.is

einbýlishús
parhús
sumarhús
litaður panill í þakkanta



Nytt Hús ehf.
Seylubraut 1
230 Reykjanesbæ
Sími: 414-3400



Fjöldi ánægðra viðskiptavina
Sjá nýuppsetta stiga á
www.byggingavorur.com

Vantar betra aðgengi í garðinn?, stigi getur leyst málið.....

Stigar & Handrið
Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com

Gæða hús handa þér

Bjálkahús ehf
Hefur skapað sér orð fyrir vonduð hús.
Hús okkar eru byggð til að endast.
Á fjórðahundaró hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús
www.husogheimili.is
Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókhúls 5A, 110 R, s: 511-1818

 **GLÓFAXI HF.**
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir



Hér eru stórar rósir teiknaðar með mósaikflísum og gefa svefnherberginu rómantískan blá.

Flísar í stað veggfóðurs

Árið 1956 stofnaði Reanto Bizazza lítið fyrirtæki sem sérhæfði sig í framleiðslu á mósaikflísum á vegg. Nú rúmum fimmtíu árum síðar eru flísarnar meðal þeirra þekktustu í heiminum í dag.

Hönnun Bizazza hefur alltaf einkennt af hefðbundinni mósaik í sambland við nútímalegar og tilraunakenndar samsetningar á flísu í tengslum við helstu tískustraua. Nú er mynstrið allsráðandi og hefur hönnunarteymi Bizazza ekki farið varhluta af því, og með yfirhönnuðinn Carlo Dal Bianco í fararbroddi, sent frá sér einstaklega fallega línu af mósaikflísu þar sem ótrúlegustu myndir fá að njóta sín. Svartur og hvítur litur er áberandi ásamt stórum blómum og leggja hönnuðirnir til að flísarnar séu settar á vegg í stofum og svefnherbergjum, en ekki einungis í sturtuklefanum og eldhúsið eins og hefðbundið er. Flísarnar eru einfaldar í uppsetningu, því þær koma saman margar á mottu, og einfalt er að raða saman mynstrinu á vegginn. Bizazza flísarnar fást í flísabúðinni Vídd í Kópavoginum og þar er hægt að fletta í gegnum vörulista með gríðarlegu úrvali og sérpanta það sem hugurinn gírnist.



Sérstaklega flottar hvítar mósaikflísar með gamaldags veggfóðursmynstri.



Andlit Bonaparte í mósaik, sem hægt er að útbúa sem mynd á vegg.







Grænar mósaikflísar með smáu blómamynstri. Flottar á veröndina og þurfa þær mun minna viðhald en víður.



Svart og hvítt mynstur sem gefur herberginu svalt yfirbragð.

Við framleiðum glugga og gler fyrir þig
Einnig hurðir, svalalokanir og sólstofur

PVC plastgluggar og hurðir
Frábær viðhaldslaus lausn fyrir bæði gömul og ný hús

DANLINE frá VEKA
Frábær lausn í gömul hús (einnig ný)
Líta út eins og gömlu íslensku gluggarnir, einstaklega fallegir

GLUGGA- OG GLERHÖLLIN
Kópavogi 20 • 100 Akranes • Sími: 421 2020 • Fax: 421 2028
Netfang: glugga@glugga.is • www.glugga.is

Einangrunargler - Öryggisgler - Speglar



Guðmundur Óli Scheving

SKRIFAR UM MEINDÝR OG MEINDÝRAVARNIR

Grápadda

Grápadda (*Porcellio scaber*) er grá að lit og heldur sig á skuggsælum og rökum stöðum. Bolur hennar er sporöskjulagaður, kúptur að ofan og flatur að neðan. Fullvaxin er hún allt að 15-16 mm að lengd og 6-7 mm að breidd. Grápöddur hafa ekki vatnsvarða kápu um bolinn. Þær hafa 14 fætur og eru með fjóra fálmara, tvo langa og tvo nokkuð styttri. Þær fá vatn úr fæðunni en geta líka náð vatni upp með fálmurunum. Dæmi eru um að þær skipti litum og eru þær grábláleitar eða gráar en í líkama þeirra er efni sem heitir (haemocyanin) sem framleiðir súrefni og gerir þær stundum bláleitar. Þá getur karldýrið framleitt efni sem heitir (*Wolbachia bacteria*) sem gerir það að verkum að hann getur brest í kvendýr.

Utanhúss eru þær undir steinum og öðru lauslegu ofan jarðar en innanhúss eru þær í kjöllum, útihúsum eða gróðurhúsum þar sem þær fela sig í rifum og smugum. Grápöddur lifa á lifandi jurtum, í rótarávöxtum og rotnandi jurtalefum. Þær geta valdið skaða í matjurtagörðum og grænmetisgeymslum. Hættulegastar eru þær í gróðurhúsum þar sem þær ráðast á ungar plöntur á nóttunni en fara í felur þegar birtir.

Grápadda hefur breiðst út frá V-Evrópu og er þekkt hér um allt land. Erlendis er grápadda oftast nefnd skógarlús (woodlice).

Í gömlum fræðum er sagt frá að útrýma megi grápöddum með því

að sprauta með heitu vatni á þær og þá staði sem þær halda sig á. Svo má breiða strigapoka á gólf eða jörð til að veiða þær og setja sneiðar af t.d. gulrótum eða kartöflum undir pokann. Þá var talið að grápöddur væru mikið fyrir áfengi og hægt væri að veiða þær í flösku með vindreggjum. Helst átti flaskan að vera dökk og stúturinn að liggja við jörð eða gólf.

Í dag er údað fyrir grápöddu innanhúss og utan með efnum sem meindýraeyðar einir hafa yfir að ráða. Grápadda er oft nefnd Loðpukra.

Ef fólk þarf að fá til sín meindýraeyði eða garðúðara á það að biðja um að fá að sjá starfsréttindaskírteini útgefið af Umhverfisstofnun og eiturefnaskírteini útgefið af lög-reglustjóra/sýslumanni en réttindin eru ekki gild nema viðkomandi aðili geti sýnt starfsleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi.

Þeir einir sem eru með starfsleyfi frá sveitarfélagi hafa leyfi til að kaupa það eitur og varnarefni sem nota þarf við meindýraeyðingar og garðúðanir af söluaðilum og umboðsmönnum eitur- og varnarefna.

Félagar í Félagi meindýraeyða hafa allir gild réttindi.

Réttindi meindýraeyða frá öðrum löndum gilda ekki hér á landi.

Biðjið alltaf um nótu vegna viðskipta við meindýraeyða og garðúðara.



Mikilvægt að velja vel á sumarbústaðalóðina

Margir velta því fyrir sér hvernig sé best að rækta upp grasflöt í kringum sumarbústaðinn. Guðmundur Þ. Jónsson garðyrkjufraeðingur hefur áratuga reynslu af sáningu og tyrfingu og veit hvaða gróður hentar hverju svæði.

Guðmundur og synir hans reka Túnþökuvinnsluna ehf. og eru með jörð á Borgareyrum þar sem þeir rækta ýmsar gerðir af þökum. Hann segir að sumarbústaðaeigendur geti hvort heldur sem er sáð grasi eða lagt þökur í kringum sumarbústaðina sína en mikilvægt sé að velja rétta tegund af grasi.

„Í sumarbústaðalóðir hef ég verið að skaffa fólki innlenda gróður af nokkrum gerðum sem fellur vel að umhverfinu. Ef rétta efnið er ekki valið getur það fallið illa að umhverfinu og einnig orðið vandræði með of mikinn grasvöxt. Ef fólk er með rétta gróðurinn getur það hvenær sem er hætt að hugsa um hann og látið hann hverfa aftur til náttúrunnar en ef það er ekki með rétta gróðurinn þarf alltaf að vera að slá og hirða um lóðina,“ segir Guðmundur.

